

Gunnlaugs saga ormstungu

með skýringum

Um Gunnlaugs sögu ormstungu

Gunnlaugs saga ormstungu tilheyrir flokki *Íslendingasagna* sem eru um 40 talsins, skrifaðar á 13. og 14. öld en greina frá atburðum sem eiga að hafa gerst löngu fyrr. Í sumum þeirra er í upphafi jafnvel sagt frá landnámi seint á 9. öld, en yfirleitt er sögutíminn seinni hluti 10. aldar og allt fram á fyrri hluta þeirrar 11. Í *Gunnlaugs sögu* gerast atburðir nálægt árinu 1000 og tengjast þá m.a. kristnitökunni.

Sagan er talin rituð á seinni hluta 13. aldar. Ekkert er vitað um höfundinn en hann hefur verið lærður maður sem þekkt hefur til margra rita; hugsanlega var hann prestlærður. Riddarasögur hefur hann þekkt því að greina má áhrif evrópskra riddarasagna í sögu hans, t.d. *Flóres sögu og Blankiflúr*, ævintýrlegri ástarsögu ungmenna sem skrifuð var á frönsku á 12. öld en þýdd á íslensku á þeirri 13. Einnig má geta þess að draumur Þorsteins á Borg um fuglana á sér merkilega hliðstæðu í *Niflungaljóðinu* þýska frá því um 1200.

Gunnlaugs saga er ekki varðveitt í frumriti fremur en aðrar *Íslendingasögur* en tvö skinnhandrit eru til af henni, annað frá 14. en hitt frá 15. öld. Yngri pappírshandrit eru frá þessum skinnhandritum runnin.

Í fyrirsögn annars skinnhandrits sögunnar segir að sagan sé skráð „eftir því sem sagt hefir Ari prestur hinn fróði Þorgilsson, er mestur fræðimaður hefir verið á Íslandi á landnámssögur og forna fræði“. Þessi staðhæfing stenst reyndar illa því að Ari fróði lést löngu áður en *Gunnlaugs saga* var skrifuð. En skrásetjari handritsins hefur hugsanlega viljað ljá sögunni sannfærandi svip með því að tengja hana nafni sjálfs Ara fróða.

Löngum hafa menn deilt um það hvort *Íslendingasögurnar* séu hreinar og klárar skáldsögur eða hvort líta megi á þær sem nokkurs konar arfsagnir sem byggðar séu á sönnum atburðum, en hafi svo nærst á hugmyndaflugi og frásagnargleði kynslóðanna þann tíma sem leið frá því að atburðirnir gerðust fram til þess að sögurnar voru færðar í letur. Víst er að margar af persónum *Gunnlaugs sögu* eru nefndar í eldri ritum. En þar með er auðvitað ekki sagt að þeim sé lýst í sögunni eins og þær raunverulega voru. Hvað t.d. um skáldskap Gunnlaugs í sögunni? Hæpið mun talið að hann sé í raun og veru hægt að rekja alla leið til persónunnar Gunnlaugs.

En hvað sem öllum sannleika líður, þá hefur *Gunnlaugs saga ormstungu* lengi verið með vinsælustu *Íslendingasögunum*. Hún fjallar um heitar ástir ungmenna og mikil örlög en er jafnframt blandin gamansemi og húmor. Hún er sterk í byggingu og er römmuð inn af draumum sem feður aðalpersónanna dreymir. Draumur Þorsteins á Borg, við upphaf sögu gefur tóninn og grípur lesandann traustataki. Draumar þeirra Illuga og Önundar í lok sögu kallast á við draum Þorsteins.

Helstu persónur eiga hver sín einkenni, mikla kosti og augljósa galla, sem gera dramatísk átök óumflýjanleg. Sagan er tilvalin til umræðu um mannlegan breyskleika og mannleg samskipti, og mætti nýta til siðferðislegrar og heimspekilegrar rökræðu.

Gunnlaugs saga er á margan hátt góður gluggi að lengri og flóknari Íslendingasögum. Hér kynnumst við afkomendum Egils á Borg, en leiða má að því rök að *Gunnlaugs saga* skrifuð sem nokkurs konar framhald sögu Egils: fólkíð hefur viljað fá meira að heyra af Mýramönnum. En vel má nú fara hina leiðina og kynna sér *Egils sögu* að loknum lestri sögunnar um sonardóttur skáldsins á Borg.

Á *Gunnlaugs sögu* má líta sem dæmisögu um það hvernig farið getur ef haldið er dauðahaldi í gömul hetju- og sæmdargildi í friðsömu bændasamfélagi. Eða öllu heldur, hvernig farið getur ef ekki er hugað að dygðum á borð við sanngirni og tillitssemi í samskiptum manna. En jafnframt er þetta saga um mannlega reisn og mannlegan harm í viðsjárverðum heimi.

Tímatal

um 984	Helga og Gunnlaugur fædd.
1002	Gunnlaugur fer utan.
1002–1003	Gunnlaugur er með Aðalráði í Lundúnum.
1004	Hrafn og Gunnlaugur hittast hjá Ólafi konungi sænska.
1004–1006	Gunnlaugur er með Aðalráði tvo vetur.
1005	Hrafn biður Helgu á alþingi.
1006	Helga föstnuð Hrafni um vorið; brúðkaup þeirra um haustið; Gunnlaugur kemur heim um haustið.
1007	Hólmganga Gunnlaugs og Hrafns á Þingvöllum; þeir fara utan.
1007–1008	Gunnlaugur er í Orkneyjum; Hrafn í Þrándheimi.
1008–1009	Gunnlaugur er á Hlöðum; Hrafn í Lifangri.
1009	Hrafn og Gunnlaugur falla.

Gunnlaugs saga ormstungu

Fyrirsögn sögunnar í öðru aðalhandritanna:

Saga þeirra Hrafns og Gunnlaugs ormstungu eftir því sem sagt hefir Ari prestur hinn fróði Þorgilsson er mestur fræðimaður hefir verið á Íslandi á landnámasögur og forna fræði.

1. kafli

Þorsteinn hét maður. Hann var Egilsson, Skalla-Grímssonar, Kveld-Úlfssonar **hersis** úr Noregi en Ásgerður hét móðir Þorsteins og var Bjarnardóttir.

Þorsteinn bjó að Borg í Borgarfirði. Hann var auðugur að fé og höfðingi mikill, vitur maður og **hógvær** og **hófsmaður** um alla hluti. Enginn var hann afreksmaður um vöxt eða afl sem Egill faðir hans því að svo er sagt af fróðum mönnum að Egill hafi mestur kappi verið á Íslandi og hólmgöngumaður og **mest ætlað** af bóndasonum, fræðimaður var hann og mikill og manna vitrastur. Þorsteinn var og hið mesta **afarmenni** og vinsæll af allri alþýðu. Þorsteinn var vænn maður, hvítur á hár og **eygur** manna best.

Svo segja fróðir menn að margir í ætt Mýramanna, þeir sem frá Agli eru komnir, hafi verið menn **vænstir** en það sé þó mjög **sundurgreinilegt** því að sumir í þeirri ætt er kallað að ljótastir menn hafi verið. Í þeirri ætt hafa og verið margir **atgervismenn** um marga hluti sem var **Kjartan Ólafsson pá** og **Víga-Barði** og **Skúli Þorsteinsson**. Sumir voru og skáldmenn miklir í þeirri ætt, **Björn Hítðælakappi**, Einar prestur Skúlason, Snorri Sturluson og margir aðrir.

Þorsteinn átti Jófríði Gunnarsdóttur Hlífarsonar. Gunnar hefir best vígur verið og mestur **fimleikamaður** verið á Íslandi af **búandmönnum**, annar Gunnar að Hlíðarenda, þriðji Steinþór á Eyri. Jófríður var átján vetra er Þorsteinn **fékk hennar**. Hún var ekkja. Hana hafði átt fyrr Þóroddur sonur Tungu-Odds og var þeirra dóttir Húngerður er þar fæddist upp að Borg með Þorsteini. Jófríður var **skörungur** mikill. Þau Þorsteinn áttu margt barna en þó koma fá við þessa sögu. Skúli var elstur sona þeirra, annar Kollsveinn, þriðji Egill.

ormstunga = hvöss tunga eða klofin tunga; langafi Gunnlaugs og nafni bar sama viðurnefni; tengist sennilega skáldgáfunni, sbr. 4. kafla, en þar er talað um að Gunnlaugur hafi verið „níðskár“, þ.e. gefinn fyrir að yrkja níð.

hersir = upphaflega hershöfðingi, (hér) höfðingi í þjónustu konungs.

hógvær = rólegur, hægur, lítillátur.

hófsmaður = neyslugrannur í mat og drykk, orðvar maður og rólyndur.

mest ætlað = búist við miklu af honum.

afarmenni = afburðamaður.

eygur best = með fögur augu, mjög vel eygður.

vænn = (hér) fallegur, myndarlegur.

sundurgreinilegt = misjafnt

atgervismenn = hæfileikaríkir menn.

Kjartan Ólafsson = aðalhetja Laxdæla sögu; hann var sonur Ólafs pá Höskuldssonar og Þorgerðar Egilsdóttur Skallagrímssonar.

pá = dregið af páfugl og merkir sennilega skrautgjarn.

Björn Hítðælakappi = skáld og afreksmaður sem uppi var á 10. og 11. öld og bjó í Hítardal. Um hann er sérstök saga þar sem segir frá deilum hans við Þórð skáld Kolbeinsson.

Snorri Sturluson = höfðingi og sagnaritari í Reykholti, d. 2141.

fimleikamaður = fimur maður, íþróttamaður, vopnfimur maður.

búandmenn = bændur.

Gunnar að Hlíðarenda = Hámundarson, bóndi og mikill kappi. Frá honum segir í Njáls sögu.

fékk hennar = fékk hana fyrir konu (sögnin *fá* stýrir hér eignarfalli).

skörungur = ákveðin og dugleg.

2. kafli

Eitt sumar er það sagt að skip kom af hafi í Gufuárós. Bergfinnur er nefndur **stýrimaður** fyrir skipinu, **norraenn** að ætt, auðugur að fé og **heldur við aldur**. Hann var vitur maður. Þorsteinn bóndi reið til skips og **réd jafnan mestu hver kaupstefna var** og svo var enn. **Austmenn vistuðust** en Þorsteinn tók við stýrimanninum fyrir því að hann **beiddist** þangað. Bergfinnur var **fátalaður** of veturinn en Þorsteinn veitti honum vel. Austmaðurinn henti mikið gaman að draumum.

Um vorið einn dag ræddi Þorsteinn um við Bergfinn ef hann vildi ríða með honum upp undir Valfell. Þar var þá **þingstöð** þeirra Borgfirðinga en Þorsteini var sagt að fallnir væru **búðarveggir** hans. Austmaðurinn kveðst það víst vilja og riðu þeir heiman um daginn þrír saman og húskarl Þorsteins þar til er þeir koma upp undir Valfell til bæjar þess er að Grenjum heitir. Þar bjó einn maður **félítill** er Atli hét. Hann var **landseti** Þorsteins og beiddi Þorsteinn Atla að hann færi til starfs með þeim og hefði **pál** og **reku**. Hann gerði svo.

Og er þeir koma til **búðartóftanna** þá tóku þeir til starfs allir og færðu út veggina. Veðrið var heitt af sólu. Og er þeir höfðu út fært veggina þá settist Þorsteinn niður og Austmaður í búðartóftina og sofnaði Þorsteinn og lét illa í svefni. Austmaður sat hjá honum og lét hann njóta draums síns. Og er hann vaknaði var honum erfitt orðið.

Austmaður spurði hvað hann hefði dreymt er hann lét svo illa í svefni.

Þorsteinn svaraði: „Ekki er **mark að** draumum.“

Og er þeir riðu heim um kveldið þá spyr Austmaður hvað Þorstein hefði dreymt.

Þorsteinn svarar: „Ef ég segi þér drauminn þá skaltu ráða hann sem hann er til.“

Austmaður kveðst á það hætta mundu.

Þorsteinn mælti þá: „Það dreymdi mig að ég þóttist heima vera að Borg og úti fyrir **karldyrum** og sá ég upp á húsin og á **mæninum** álf t eina væna og fagra og þóttist ég eiga og þótti mér allgóð. Þá sá ég fljúga ofan frá fjöllum örn mikinn. Hann **fló** hingað og settist hjá álf tinni og klakaði við hana blíðlega og hún þótti mér það vel **þekkjast**. Þá sá ég að örninn var svarteygur og járnklær voru á honum. **Vasklegur** sýndist mér hann. Því næst sá ég fljúga annan fugl af suðurátt. Sá fló hingað til Borgar og settist á húsin hjá álf tinni og vildi þýðast hana. Það var og örn mikill. Brátt þótti mér sá örninn er fyrir var **yfast** mjög er hinn kom til og þeir börðust snarplega og lengi og það sá ég að **hvorumtveggja** blæddi. Og svo lauk þeirra leik að sinn veg **hné** hvor þeirra af húsmæninum og voru þá báðir dauðir en álf tinn sat eftir **hnípin** mjög og dapurleg. Og þá sá ég fljúga fugl úr vestri. Það var valur. Hann settist hjá álf tinni og lét blítt við hana og síðan flugu þau í brott bæði **samt** í sömu átt og þá vaknaði ég. Og er draumur þessi

ómerkilegur,“ segir hann, „og mun vera fyrir **veðrum** að þau mætast í lofti úr þeim áttum er mér þóttu fuglarnir fljúga.“

Austmaður segir: „Ekki er það mín ætlan,“ segir hann, „að svo sé.“

Þorsteinn mælti: „**Ger af** drauminum slíkt er þér sýnist líklegast og lát mig heyra.“

Austmaður mælti: „Fuglar þeir munu vera **stórra manna fylgjur** en húsfreyja þín er eigi heil og mun hún fæða meybarn frítt og fagurt og munt þú **unna** því mikið. En göfugir menn munu biðja dóttur þinnar úr þeim áttum sem þér þóttu ernirnir fljúga að og leggja á hana ofurást og berjast um hana og **látast** báðir af því efni. Og því næst mun hinn þriðji maður biðja hennar úr þeirri átt er valurinn fló að og þeim mun hún gift vera. Nú hefi ég þýddan draum þinn. Ég **hygg** eftir mun ganga.“

Þorsteinn svarar: „Illa er draumur ráðinn og óvingjarnlega,“ sagði hann, „og munt þú ekki drauma ráða kunna.“

Austmaður svarar: „Þú munt að raun um komast **hversu eftir gengur**.“

Þorsteinn **lagði fæð** á Austmanninn og fór hann á brott um sumarið og er hann nú úr sögunni.

stýrimaður = skipstjóri.

norrænn = norskur.

heldur við aldur = fullorðinn, roskinn.

réd jafnan mestu hver kaupstefna var = réð venjulega hvernig varningurinn var verðlagður.

Austmenn = Norðmenn.

vistast = finna sér stað til að dvelja á.

beiðast (þt. *beiddist*) = biðja.

fátalaður = fámáll.

þingstöð = þingstaður.

búðarveggir = veggir úr torfi og grjóti sem tjaldað var yfir um þingtímann (menn dvöldu í þessum búðum meðan þingið stóð).

félítill = fátækur.

landseti = leiguliði.

páll = spaði til að stinga með hnausa; skófla með þykku blaði.

reka = skófla.

búðartóftir = búðarveggir.

ekki er mark að draumum = ekki er neitt að marka drauma.

karldyr = aðaldyr.

mænir = hæsti hluti risþaks á húsi.

fló (gömul þátíðarmynd af *fljúga*) = flaug

vel þekkjast = vel líka

vasklegur = kröftuglegur, hraustlegur.

ýfast = reiðast.

hvorumtveggja (et. kk./kvk.: *hvortveggja*) = báðum.

hné (þt. af hníga) (hér) = féll.

hnípin = döpur.

samt (hér) = saman.

vera fyrir veðrum = boða breytingar á veðri.

ger af (hér) = ráð þú (drauminn).

fylgjur = vættir sem fylgja mönnum og birtast gjarnan áður en þeir koma sjálfir á tiltekinn stað (*stórra manna fylgjur*: fylgjur göfugra manna).

unna = elska

látast = deyja

af því efni = af þeim völdum.

hygg = tel, trúi, ætla.

hversu eftir gengur = hvernig (draumurinn) rætist.

lagði fæð á = fékk andúð á.

3. kafli

Um sumarið bjóst Þorsteinn til þings og mælti til Jófríðar húsfreyju áður hann fór heiman: „Svo er háttað,“ segir hann, „að þú ert með barni og skal það barn út bera ef þú fæðir meybarn en upp fæða ef sveinn er.“

Og það var þá siðvandi nokkur er land var allt **alheiðið** að þeir menn er félitlir voru **en stóð ómegð mjög til handa** létu út bera börn sín og þótti þó illa gert ávallt.

Og er Þorsteinn hafði þetta mælt þá svarar Jófríður: „Þetta er **ópínslega** mælt,“ segir hún, „slíkur maður sem þú ert og mun þér **eigi sýnast þetta að láta gera** svo **auðugur** maður sem þú ert.“

Þorsteinn svarar: „Veist þú skaplyndi mitt,“ segir hann, „að **eigi mun hlýðisamt** verða ef **af er brugðið**.“

Síðan reið hann til þings en Jófríður fæddi meðan meybarn ákaflega fagurt. Konur vildu það bera að henni en hún kvað þess litla þörf og lét þangað kalla smalamann sinn er Þorvarður hét og mælti hún: „Hest minn skaltu taka og leggja söðul á og færa barn þetta vestur í Hjarðarholt **Þorgerði Egilsdóttur** og bið hana upp **fæða** með leynd svo að Þorsteinn verði ei var við. Og þeim ástaraugum renni ég til barns þessa að víst eigi nenni ég að það sé út borið. En hér eru **þrjár merkur silfurs** er þú skalt hafa að verkkaupi. En Þorgerður skal **fá þér fari** vestur þar og **vist um haf**.“

Þorvarður gerði sem hún mælti. Síðan reið hann vestur í Hjarðarholt með barnið og fékk Þorgerði í hendur en hún lét upp fæða **landseta** sína er bjuggu inn á Leysingjastöðum í Hvammsfirði. En hún tók Þorvarði fari norður í Steingrímsfirði í Skeljavík og vist um haf og fór hann þar utan og er hann nú úr sögunni.

Og er Þorsteinn kom heim af þingi þá segir Jófríður honum að barnið er út borið sem hann hafði fyrir mælt en smalamaður var í brott hlaupinn og stolið í brott hesti hennar.

Þorsteinn kvað hana hafa vel gert og fékk sér smalamann annan.

Nú liðu svo sex vetur að þetta varð ekki **víst**. Og þá reið Þorsteinn til heimboðs vestur í Hjarðarholt til Ólafs **þá** mágs síns Höskuldssonar er þá þótti vera með mestri virðingu allra höfðingja vestur þar. Þorsteini var þar vel fagnað sem líklegt var.

Og á einhvern dag að veislunni er það sagt að Þorgerður sat á tali við Þorstein bróður sinn í **öndvegi** en Ólafur átti tal við aðra menn. En yfir **gegnt** þeim á bekknum sátu meyjar þrjár.

Þá mælti Þorgerður: „Hversu líst þér, bróðir, á meyjarnar þessar er hér sitja gegnt okkur?“

Hann svarar: „Allvel,“ segir hann, „og er þó ein fegurst miklu og hefir hún vænleik Ólafs en **hvíti** og **yfirbragð** vort Mýramanna.“

Þorgerður svarar: „Víst er það satt er þú segir, bróðir, að hún hefir hvíti og yfirbragð vort Mýramanna en ei vænleik Ólafs pá því að hún er eigi hans dóttir.“

„Hversu má það vera,“ segir Þorsteinn, „en þó sé hún þín dóttir?“

Hún svarar: „Með sannindum að segja þér, frændi,“ kvað hún, „þá er þessi þín dóttir en eigi mín, hin fagra mæ,“ og segir honum síðan allt sem farið hafði og biður hann fyrirgefa sér og konu sinni þessi **afbrigði**.

Þorsteinn mælti: „Ekki kann ég ykkur að ásaka um þetta og **veltur þangað sem vera vill um flesta hluti** og hafið þið **vel yfir slétt vanhyggju mína**. Líst mér svo á mey þessa að mér þykir mikil **gifta** í að eiga jafnfagurt barn. Eða hvað heitir hún?“

„Helga heitir hún,“ segir Þorgerður.

„Helga hin fagra,“ segir Þorsteinn. „Nú skalt þú búa ferð hennar heim með mér.“

Hún gerði svo. Þorsteinn var þaðan út leiddur með góðum gjöfum og reið Helga heim með honum og **fæddist** þar **upp** með mikilli virðing og ást af föður og móður og öllum frændum.

þing = hér er átt við alþingi (á Þingvöllum).

siðvandi = venja, siðvenja.

land var alheiðið = þessir atburðir gerast fyrir kristnitöku (sem var árið 1000).

en stóð ómegð mjög til handa = höfðu fyrir mörgum að sjá.

óþínslega mælt = ólíkt þér að tala svona.

mun þér eigi sýnast þetta að láta gera = menn munu telja ósæmilegt af þér að láta gera þetta.

eigi mun hlýðisamt verða ef af er brugðið = ekki mun fara vel ef þetta er ekki gert.

Þorgerður Egilsdóttir = systir Þorsteins Egilssonar og kona Ólafs pá í Hjarðarholti.

upp fæða = ala upp.

þrjár merkur silfurs = um það bil sex og hálf kílógramm (mörk silfurs var á þessum tíma um 200 g af silfri eða 8 aurar).

verkkaup = laun.

(hún mun) fá þér fari = (hún mun) útvega þér skipsrúm.

víst um haf = (hér) matarvístir til ferðarinnar.

landseti = leiguliði.

víst (hér) = uppvíst.

Ólafur Höskuldsson = Ólafur pá, mágur Þorsteins, faðir Kjartans Ólafssonar, sjá kafla 1.

öndvegi = háseti, tignarsæti.

gegnt = andspænis.

hvíti = Þorsteinn var ljóshærður (sbr. kafla 1) og er sennilega átt við að Helga sé það líka.

yfirbragð = útlit.

afbrigði = vélabrögð.

veltur þangað sem vera vill um flesta hluti = það gerist oftast sem á að gerast (í þessum orðum birtist örlagatrú: við fáum engu breytt um rás viðburða).

(þið hafið) vel yfir slétt vanhyggju mína = (þið hafið) bætt fyrir misgjörðir, fljótfærni mína.

gifta = gæfa, hamingja, lán.

fæðast upp = alast upp.

4. kafli

Þennan tíma bjó uppi á Hvítársíðu á Gilsbakka Illugi svarti Hallkelsson Hrosskelssonar. Móðir Illuga var Þuríður **dylla** dóttir Gunnlaugs ormstungu. Illugi var annar mestur höfðingi í Borgarfirði en Þorsteinn Egilsson. Illugi svarti var stóreignamaður og harðlyndur mjög og **hélt vel vini sína**. Hann átti Ingibjörgu dóttur Ásbjarnar Harðarsonar úr Örnólfsdal. Móðir Ingibjargar var Þorgerður dóttir Miðfjarðar-Skeggja. Börn Ingibjargar og Illuga voru mörg en fá koma við þessa sögu. Hermundur hét sonur þeirra en annar Gunnlaugur. Báðir voru þeir efnilegir menn og þá **frumvaxta**.

Svo er sagt frá Gunnlaugi að hann var **snemmendis bráðger**, mikill og sterkur, ljósjarpur á hár og fór allvel, svarteygur og nokkuð nefljótur og **skapfellegur** í andliti, **miðmjór** og herðamikill, kominn á sig manna best, hávaðamaður mikill í öllu skaplyndi og **framgjarn** snemmendis og við allt óvæginn og harður og skáld mikið og heldur **níðskár** og kallaður Gunnlaugur ormstunga. Hermundur var þeirra vinsælli og hafði höfðingjabragð á sér.

Og er Gunnlaugur var tólf vetra gamall bað hann föður sinn **fararefna** og kvaðst hann vilja fara utan og sjá sið annarra manna. Illugi bóndi tók því **seinlega**, kvað hann eigi mundu þykja góðan í öðrum löndum er hann þóttist **trautt** mega semja við hann þar heima sem hann vildi.

Og einhvern morgun var það alllitlu síðar að Illugi bóndi gekk út snemma og sá að **útibúr** hans var opið og voru lagðir út vörusekkir nokkrir á hlaðið sex og þar **lénur** með. Hann undraðist þetta mjög. Þar gekk þá að maður og leiddi fjögur hross og var þar Gunnlaugur sonur hans og mælti: „Ég hefi sekkina út lagið,“ segir hann.

Illugi spyr hví hann gerði svo. Hann segir að það skyldi vera fararefni hans.

Illugi mælti: „Engin ráð skalt þú taka af mér og fara hvergi fyrr en ég vil,“ og kippti inn aftur vörusekkjunum.

Gunnlaugur reið þá í brott þaðan og kom um kveldið ofan til Borgar og bauð Þorsteinn bóndi honum þar að vera og það þiggur hann. Gunnlaugur segir Þorsteini hversu farið hafði með þeim feðgum. Þorsteinn bað hann þar vera þeim stundum sem hann vildi og þar var hann þau misseri og nam **lögspeki** að Þorsteini og virðist öllum mönnum þar vel til hans.

Jafnan skemmtu þau Helga sér að tafli og Gunnlaugur. Lagði hvort þeirra góðan **þokka** til annars bráðlega sem raunir bar á síðan. Þau voru mjög jafnaldrar.

Helga var svo fögur að það er sögn fróðra manna að hún hafi fegurst kona verið á Íslandi. Hár hennar var svo mikið að það mátti hylja hana alla og svo fagurt sem **gull barið** og enginn kostur þótti þá þvílíkur sem Helga hin fagra í öllum Borgarfirði og víðara annars staðar.

Og einhvern dag er menn sátu í stofu að Borg þá mælti Gunnlaugur til Þorsteins: „Einn er sá hlutur í lögum, er þú hefir eigi kennt mér, **að fastna mér konu.**“

Þorsteinn segir: „Það er lítið mál,“ og kenndi honum **atferli**.

Þá mælti Gunnlaugur: „Nú skalt þú vita hvort mér hafi skilist og mun ég nú taka í hönd þér og láta sem ég festi mér Helgu dóttur þína.“

Þorsteinn segir: „**Þarfleysi** ætla ég það vera,“ segir hann.

Gunnlaugur þreifaði þá þegar í hönd honum og mælti: „Veit mér nú þetta,“ segir hann.

„Ger sem þú vilt,“ segir Þorsteinn, „en það skulu þeir vita er hjá eru staddir að þetta skal vera sem ómælt og þessu skulu engin **undirmál** fylgja.“

Síðan nefndi Gunnlaugur sér **votta** og fastnaði sér Helgu og spurði síðan hvort þá mætti svo nýta. Hann kvað svo vera mega og varð mönnum mikið gaman að þessu, þeim er við voru staddir.

dylla = upphaflega jurtaheiti en síðar viðurnefni.

hélt vel vini sína = var vinur vina sinna.

frumvaxta = á unglingsaldri.

snemmendis = snemma.

bráðger = bráðþroska

skapfellegur = geðfelldur.

miðmjór = mittismjór.

framgjarn = metnaðargjarn, ákveðinn.

níðskár = gjarn á að yrkja níð.

fararefni = ferðaeyrir, þ.e. vörur eða peningar til að greiða ferðakostnað.

seinlega = illa.

trautt = varla.

útibúr = útigeymsla.

lénur = reiðingstorfa eða dýna undir klyfbera (klyfberi er lagður á hesta svo hægt sé að hengja á þá byrðar).

lögspeki = lögfræði.

þokki = jákvæð tilfinning; ást.

barið gull = (sennilega) unnið gull; gull sem búið er að smíða úr (berja)

fastna sér konu = fá loforð frá konu (eða föður hennar) um að mega ganga að eiga hana.

atferli = málatilbúnaður.

þarfleysi = óþarfi.

undirmál = fals, svik.

vottar = vitni.

5. kafli

Önundur hét maður er bjó suður að **Mosfelli**. Hann var auðmaður hinn mesti og hafði goðorð suður þar um nesin. Hann var **kvongaður** maður og hét Geirný kona hans, Gnúpsdóttir, Molda-Gnúpsssonar er nam suður Grindavík.

Þeirra synir voru þeir Hrafn og Þórarinn og Eindriði. Allir voru þeir efnilegir menn en þó var Hrafn fyrir þeim í **hvívetna**. Hann var mikill maður og sterkur, manna **sjálegastur** og skáld gott og er hann var mjög **rosknaður** þá fór hann landa á milli og **virtist hvarvetna vel** þar sem hann kom.

Þá bjó suður á Hjalla í Ölfusi þeir Þóroddur hinn spaki Eyvindarson og **Skafti** sonur hans er þá var lögsögumaður á Íslandi. Móðir Skafta var Rannveig dóttir Gnúps Molda-Gnúpsssonar og voru þeir systrasynir Skafti og Önundarsynir. Var þar vinátta mikil með frændsemi.

Þá bjó út að Rauðamel Þorfinnur Sel-Þórisson og átti sjö sonu og voru allir efnilegir menn. Þeir hétu svo: Þorgils, Eyjólfur og Þórir, og voru þeir mestir menn út þangað. Og þessir menn er nú eru nefndir voru allir uppi á einn tíma.

Og þessu nær urðu þau tíðindi er best hafa orðið hér á Íslandi að **landið varð allt kristið** og allt fólk hafnaði fornum átrúnaði.

Gunnlaugur ormstunga, er áður var frá sagt, var nú ýmist að Borg með Þorsteini eða Illuga föður sínum á Gilsbakka sex vetur og var hann þá átján vetra og **samdist þá mikið** með þeim feðgum.

Maður hét Þorkell svartí. Hann var heimamaður Illuga og náfrændi og hafði þar upp vaxið. Honum tæmdist arfur norður í Vatnsdal í Ási og beiddi hann Gunnlaug fara með sér. Og hann gerði svo og riðu norður tveir saman í Ás og fengu féð, og greiddu þeir féð af höndum er varðveitt höfðu með **atgöngu** Gunnlaugs.

Og er þeir riðu norðan gistu þeir í Grímstungum að auðugs bónda er þar bjó. Og um morguninn tók smalamaður hest Gunnlaugs og var þá sveittur mjög er þeir fengu. Gunnlaugur **laust smalamanninn í óvit**. Bóndi vildi eigi svo búið hafa og beiddi bóta fyrir. Gunnlaugur bauð að gjalda bónda mörk. Bónda þótti það of lítið.

Gunnlaugur kvað þá vísu:

Mörk bauð eg mundangs sterkum
manni, tryggja ranna.
Grásíma skaltu góma
glóðspýtis það nýta.
Iðrast muntu ef yðrum
allráðr flóða úr sjóði

Lausleg endursögn vísu:

Ég bauð meðalsterkum manni mörk. Skaltu þiggja silfur hins blóðuga manns, því þú munt iðrast ef þú lætur það ganga þér úr greipum.

lætr eyðanda líða
linns samlagar kindar.

Orðið *grásíma* (hk) merkir grár þráður (úr silfri). Nútímaorðið *sími* (kk) tengist einmitt merkingunni *þráður*.

góma glóðspýtir: sá sem spýtir blóði (*góma glóð*: blóð; *spýtir blóðs*: sá sem spýtir blóði [eftir að hafa fengið kjaftshögg]).

Þessi varð sætt þeirra sem Gunnlaugur bauð og riðu þeir suður heim við svo búið.

Og litlu síðar beiddi Gunnlaugur föður sinn fararefna í annað sinn.

Illugi segir: „Nú skal vera sem þú vilt,“ segir hann. „Hefir þú nú heldur **samið þig úr því sem var.**“

Reið Illugi þá heiman skjótt og keypti skip hálf til handa Gunnlaugi, er uppi stóð í Gufuárósi, að Auðuni festargram. Þessi Auðunn vildi eigi utan flytja sonu Ósvífs hins spaka eftir víg Kjartans Ólafssonar sem segir í Laxdæla sögu og varð það þó síðar en þetta.

Og er Illugi kom heim þá þakkaði Gunnlaugur honum vel. Þorkell svartí réðst til ferðar með Gunnlaugi og var fluttur varnaður þeirra til skips en Gunnlaugur var að Borg meðan þeir bjuggust og þótti glaðara að tala við Helgu en vera í starfi með kaupmönnum.

Einhvern dag spurði Þorsteinn Gunnlaug ef hann vildi ríða til hrossa með honum upp í Langavatnsdal. Gunnlaugur kvaðst það vilja.

Nú ríða þeir tveir saman þar til er þeir koma til **selja** Þorsteins er heita á Þorgilsstöðum og voru þar stóðhross er Þorsteinn átti fjögur saman og voru rauð að lit. Hestur var allvænlegur og lítt reyndur. Þorsteinn bauð að gefa Gunnlaugi hrossin en hann kvaðst eigi hrossa þurfa er hann ætlaði af landi.

Og þá riðu þeir til annarra stóðhrossa. Var þar hestur grár með fjórum merum og var sá bestur í Borgarfirði og bauð Þorsteinn að gefa þann Gunnlaugi.

Hann svarar: „Eigi vil ég þessi heldur en hin. Eða hví býður þú mér eigi það er ég vil þiggja?“

„Hvað er það?“ segir Þorsteinn.

Gunnlaugur mælti: „Helga hin fagra, dóttir þín.“

Þorsteinn svarar: „**Ei mun svo skjótt ráðast,**“ segir hann og tók annað mál og riðu heimleiðis ofan með Langá.

Þá mælti Gunnlaugur: „Vita vil ég,“ segir hann, „hverju þú vilt svara mér um bónorðið.“

Þorsteinn svarar: „Ekki sinni ég **hégóma** þínum,“ segir hann.

Gunnlaugur mælti: „Þetta er **alhugi minn** en eigi hégómi.“

Þorsteinn svarar: „Vita skyldir þú fyrst hvað þú vildir. Ertu ei ráðinn til utanferðar og lætur þó sem þú skulir kvongast? Er það ekki jafnræði með ykkur Helgu meðan þú ert svo óráðinn og mun því ekki verða á litið.“

Gunnlaugur mælti: „Hvar til ætlar þú um gjafir dóttur þinnar ef þú vilt eigi gifta syni Illuga svarta, eða hvar eru þeir í Borgarfirði er meira háttar séu en hann?“

Þorsteinn svarar: „Ekki fer ég í **mannjöfnuð**,“ segir hann, „en værir þú slíkur maður sem hann þá mundi þér ei frá vísað.“

Gunnlaugur mælti: „Hverjum viltu heldur gifta dóttur þína en mér?“

Þorsteinn svarar: „Margt er hér gott mannval. Þorfinnur að Rauðamel á sjö sonu og alla vel mannaða.“

Gunnlaugur svarar: „**Hvorugur þeirra Önundar** né Þorfinns er jafnmenni föður míns því að **þig skortir sýnt við hann**. Eða hvað hefir þú í móti því er hann deildi kappi við Þorgrím goða Kjallaksson á Þórnessþingi og við syni hans og hafði einn það er við lá?“

Þorsteinn svarar: „Ég stökkti í brott **Steinari** syni Önundar sjóna og þótti það heldur mikilræði.“

Gunnlaugur svarar: „Egils naustu að því, föður þíns, enda mun þar fáum bændum vel endast **að synja mér mægðar**.“

Þorsteinn svarar: „Hafðu í frammi kúgan við þá uppi við fjöllin en það kemur þér fyrir ekki hér út á Mýrunum.“

Um kveldið koma þeir heim. Og um morguninn ríður Gunnlaugur upp á Gilsbakka og bað föður sinn ríða til kvonbæna með sér út til Borgar.

Illugi svarar: „Þú ert **óráðinn** maður þar sem þú ert ráðinn til utanferðar en lætur nú sem þú skulir starfa í **kvonbænum** og veit ég að slíkt er ekki við skaplyndi Þorsteins.“

Gunnlaugur svarar: „Ég ætla þó utan allt eins og líkar mér ekki **utan** þú fylgir þessu.“

Síðan reið Illugi heiman með tólfta mann ofan til Borgar og tók Þorsteinn vel við honum.

Um morguninn snemma ræddi Illugi til Þorsteins: „Ég vil tala við þig.“

Þorsteinn svarar: „Göngum upp á borgina og tölum þar.“

Og svo gerðu þeir. Gunnlaugur gekk með þeim.

Þá mælti Illugi: „Gunnlaugur frændi minn kveðst hafa vakið bónorð við þig fyrir sína hönd að biðja Helgu dóttur þinnar. En nú vil ég vita hvern stað eiga skal málið. Er þér kunnug ætt hans og fjáreign vor. Skal hvorki til spara af vorri hendi staðfestu né mannaforráð ef þá er nær en áður.“

Þorsteinn svarar: „Það eitt finn ég Gunnlagi að mér þykir hann vera óráðinn,“ segir hann, „en ef hann væri þér líkur í skaplyndi þá mundi ég lítt seinka.“

Illugi svarar: „Þetta mun okkur verða að vinslitum ef þú synjar okkur feðgum jafnræðis.“

Þorsteinn svarar: „Fyrir þín orð,“ segir hann, „og okkar vingan þá skal Helga vera **heitkona** Gunnlaugs en eigi **festarkona** og bíða þrjá vetur. En Gunnlaugur skal fara utan og **skapa sig eftir góðra manna siðum** en ég skal laus allra mála ef hann kemur ei svo út eða mér virðist eigi skapferði hans.“

Og við þetta skilja þeir. Ríður Illugi heim en Gunnlaugur til skips. Og er þeim gaf byr létu þeir í haf og komu skipi sínu norður við Noreg og sigldu inn eftir Þrándheimi til Niðaróss og lágu þar í lægi og skipuðu upp.

Mosfell = þ.e. Mosfell í Mosfellssveit.

auðmaður = efnaður maður.

kvongaður = átti konu (sbr. orðið *kvon*: kona).

í hvívetna = í flestu.

sjálegur = fríður.

mjög rosknaður = fullorðinn; vaxinn úr grasi.

virtist hvarvetna vel = var allstaðar vel virtur.

Skafti = Skafti Þóroddsson var lögsögumaður frá 1004–1030.

landið varð allt kristið = kristnitaka var lögleidd á Þingvöllum árið 1000.

samdist þá mikið = þeim feðgum samdi þá mun betur.

atganga = afskipti; hjálp.

laust smalamanninn í óvit = sló hann í rot (*laust*, þt. af *ljósta*: slá).

(þú hefur) **samið þig úr því sem var** = (þú hefur) þroskast frá því sem var; tamið þér betri siði.

sel = útihús, gjarnan langt frá bæjum með beithaga í kring (þar voru m.a. ær mjólkaðar).

ei mun svo skjótt ráðast = ekki mun þetta ákveðið með svo skjóttum hætti.

hégómi = markleysa.

alhugi minn = alvara mín.

ráðinn = ákveðinn.

mannjöfnuður = samanburður á mönnum.

hvorugur þeirra Önundar...: hér er svo að sjá sem eitthvað vanti; líklegt er að Þorsteinn hafi nefnt Önund á Mosfelli ásamt Þorfinni á Rauðamel (sbr. 5. kafla).

þig skortir sýnt við hann = þú stendur honum að baki (*sýnt*: svo að greinlega sést).

Steinar = hér er vísað í deilu Þorsteins á Borg við Steinar Önundarson. Frá þeirri deilu er sagt í Egils sögu og þar kemur fram að Egill hafi veitt Þorsteini syni sínum dyggilega hjálp.

að synja ...mægðar = að neita um tengsl með því að hafna bónorðinu.

kúgan = hótun.

óráðinn = óákveðinn.

kvonbænir = það að biðja sér konu (*kvon*: kona, sbr. *kvenmaður*).

utan (hér) = nema.

borg = hæð, klettaborg sem bærinn Borg á Mýrum stendur við og dregur nafn af.

heitkona = átt er við hún verði ekki gift öðrum tiltekinn árafjölða sem samið er um (þrjú ár).

festarkona = trúlofuð kona, þ.e. gifting er ákveðin.

skapa sig eftir góðra manna siðum = læra siði góðra manna.

út = út til Íslands

6. kafli

Þennan tíma réð fyrir Noregi **Eiríkur jarl Hákonarson** og Sveinn bróðir hans. Eiríkur jarl hafði þá aðsetur inn á Hlöðum að **föðurleifð** sinni og var ríkur höfðingi. Skúli Þorsteinsson var þá með jarli og var hirðmaður hans og vel metinn.

Það er frá sagt að þeir Gunnlaugur og Auðunn festargramur gengu tólf menn saman inn á Hlaðir. Gunnlaugur var svo búinn að hann var í gráum kyrtli og í hvítum **leistbrókum**. **Sull** hafði hann á fæti niðri á ristinni. **Freyddi** úr upp blóð og **vogur** er hann gekk við. Og með þeim búningi gekk hann fyrir jarlinn og þeir Auðunn og kvöddu hann vel. Jarl **kenndi** Auðunn og spyr hann tíðinda af Íslandi en Auðunn sagði slík sem voru.

Jarl spyr Gunnlaug hver hann væri en hann sagði honum nafn sitt og ætt.

Jarl mælti: „Skúli Þorsteinsson,“ segir hann, „hvað manna er þessi á Íslandi?“

„Herra,“ segir hann, „takið honum vel. Hann er hins besta manns sonur á Íslandi, Illuga svarta af Gilsbakka, og fóstbróðir minn.“

Jarl mælti: „Hvað er fæti þínum, Íslendingur?“

„Sullur er á herra,“ sagði hann.

„Og gekkst þú þó ekki haltur?“

Gunnlaugur svarar: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir.“

Þá mælti hirðmaður jarls er Þórir hét: „Þessi **rembist** mikið, Íslendingurinn, og væri vel að vér freistuðum hans nokkuð.“

Gunnlaugur leit við honum og mælti:

Hirðmaður er einn,
sá er einkar meinn
Trúið honum vart,
hann er illr og svartr.

Lausleg endursögn vísu:

Hirðmaður þessi er mjög illur. Trúið honum varlega.

meinn: meinfýsinn; illur viðureignar.

Bragarhátturinn kallast *runhenda* (endarím einkennir þennan hátt).

Þá vildi Þórir grípa til axar.

Jarl mælti: „Lát vera kyrrt,“ segir hann, „ekki skulu menn gefa að slíku gaum. Eða hve gamall maður ertu, Íslendingur?“

Gunnlaugur svarar: „Ég er nú átján vetra,“ segir hann.

„Það læt ég um mælt,“ segir jarl, „að þú verðir ei annarra átján.“

Gunnlaugur mælti og heldur lágt: „Bið mér engra **forbæna**,“ segir hann, „en bið þér heldur.“

Jarl mælti: „Hvað sagðir þú nú Íslendingur?“

Gunnlaugur svarar: „Svo sem mér þótti vera eiga að þú bæðir mér engra forbæna en bæðir sjálfum þér **hallkvæmari** bæna.“

„Hverra þá?“ segir jarl.

„Að þú fengir ei þvílíkan dauðdaga sem **Hákon jarl**, faðir þinn.“

Jarl setti svo rauðan sem blóð og bað taka **fól** þetta skjótt.

Þá gekk Skúli fyrir jarl og mælti: „Gerið fyrir mín orð, herra, og gefið mannum grið og fari hann á brott sem skjótast.“

Jarl mælti: „Verði hann á brottu sem skjótast ef hann vill **griðin** hafa og komi aldrei í mitt ríki síðan.“

Þá gekk Skúli út með Gunnlaugi og ofan á bryggjur. Þar var Englandsfar albúið til **útláts**. Og þá tók Skúli Gunnlaugi far og þorkatli frænda hans. En Gunnlaugur fékk Auðuni skip sitt til varðveislu og fé sitt það er hann hafði ei með sér.

Nú sigla þeir Gunnlaugur í Englandshaf og komu um haustið suður við Lundúnabryggjur og **réðu þar til hlunns** skipi sínu.

Eiríkur jarl Hákonarson = Eiríkur komst til valda eftir Ólaf Tryggvason árið 1000 og ríkti til ársins 1012.

föðurleifð = býli sem sonur (eða dóttir) erfir eftir föður sinn.

leistbrækur = buxur sem voru áfastar sokkunum; sokkabuxur.

sullur = graftarkýli.

freyða (hér) = vella.

vogur = gröftur.

kenna (hér) = þekkja.

rembast (hér) = sýna hroka; vera montinn.

forbænir = bölbæir.

hallkvæmur = góður, hagstæður, nytsamur

Hákon jarl = frá dauða Hákonar jarls segir í Ólafs sögu Tryggvasonar; Hákon var drepinn af þræli sínum í svínastíu.

fól = fífl, kjáni.

grið = það að þyrma lífi einhvers.

útlát = brottför.

réðu þar til hlunns = drógu á land og skorðuðu.

7. kafli

Þá réð fyrir Englandi **Aðalráður konungur Játgeirsson** og var góður höfðingi. Hann sat þennan vetur í Lundúnaborg. **Ein var þá tunga** á Englandi sem í Noregi og í Danmörku. En þá skiptust tungur í Englandi er **Vilhjálmur bastarður vann England**. Gekk þaðan af í Englandi **valska** er hann var þaðan ættaður.

Gunnlaugur gekk bráðlega fyrir konung og **kvaddi** hann vel og virðulega.

Konungur spyr hvaðan af löndum hann væri.

Gunnlaugur segir sem var „en því hefi ég sótt á yðar fund, herra, að ég hefi kvæði ort um yður og vildi ég að þér **hlýdduð** kvæðinu.“

Konungur kvað svo vera skyldu.

Gunnlaugur flutt fram kvæðið vel og skörulega en þetta er **stefið** í.

Her sést allr við örva
Englands sem guðs engil.
Ætt lýtr grams og gumna
gunnbráðs Aðalráði.

Lausleg endursögn vísu:

Allir herir óttast hinn örláta konung Englands
sem hann væri guð. Ætt hins herskúa konungs
og ætt (allra) manna (þ.e. allir landsmenn) lúta
Aðalráði.

viður örva: (dæmigerð hermannskening)
hermaður, þ.e. sá viður (tré) sem beitir örvum.
Munum að kenningar eru n.k. gátur!

Konungur þakkaði honum kvæðið og gaf honum að **bragarlaunum skarlatsskikkju skinndregna** hinum bestum skinum og **hlaðbúna í skaut niður** og gerði hann hirðmann sinn. Og var Gunnlaugur með konungi um veturinn og **virtist vel**.

Og einn dag um morguninn snemma þá mætti Gunnlaugur þremur mönnum á stræti einu og nefndist sá Þórormur er fyrir þeim var. Hann var mikill og sterkur og furðu **torveldlegur**.

Hann mælti: „**Norðmaður**,“ segir hann, „sel mér fé nokkuð að láni.“

Gunnlaugur svarar: „Ekki mun það ráðlegt að selja fé sitt ókunnum mönnum.“

Hann svarar: „Ég skal gjalda þér að nefndum degi.“

„Þá skal á það hætta,“ segir Gunnlaugur.

Síðan seldi hann honum féð.

Og litlu síðar fann Gunnlaugur konunginn og segir honum fjárlánið.

Konungur svarar: „Nú hefir **lítt til tekist**. Þessi er hinn mesti **ránsmaður** og víkingur og **eig ekki við hann** en ég skal fá þér jafnmikið fé.“

Gunnlaugur svarar: „Illa er oss þá farið,“ segir hann, „hirðmönnum yðar, **göngum upp á saklausa menn** en láta slíka sitja yfir voru og skal það aldrei verða.“

Og litlu síðar hitti hann Þórorm og **heimti** féð að honum en hann kvaðst eigi gjalda mundu.

Gunnlaugur kvað þá vísu þessa:

Meðalráð er þér Móði
málma galdurs að halda,
att hafið þér við prettum
oddrjóð, fyrir mér hoddum.
Vita máttu hitt að eg heiti,
hér sé eg á því færi,
það fékkst nafn af nökkvi,
naðrstunga, mér ungum.

Lausleg endursögn vísu:

Það er ekki mjög skynsamlegt af þér, hermaður, að halda fé fyrir mér. Þú hefur beitt mig brögðum. Vita skaltu að mér var ungum gefið nafnið ormstunga og ekki að ástæðulausu. Nú fæ ég tækifæri til að sýna það.

Móði málma galdurs: hermaður (Móði var sonur Þórs; *galdur málma*: orusta; algengt er í kenningum yfir hermenn að tengja saman goðanöfn og vopn eða orustu. Þannig væri t.d. *sverð-Týr* eða *skjaldar-Baldur* einnig kenning fyrir hermann).

„Nú vil ég bjóða þér lög,“ segir Gunnlaugur, „að þú **gjalt** mér fé mitt eða gakk á hólmi við mig ella á þriggja náttu fresti.“

Þá hló víkingurinn og mælti: „Til þess hefir enginn orðið fyrri en þú að skora mér á hólmi, svo **skarðan hlut** sem margur hefir fyrir mér borið, og er ég þessa **albúinn**.“

Og við það skildu þeir Gunnlaugur að sinni.

Gunnlaugur segir konungi svo búið.

Hann svarar: „Nú er komið í allóvænt efni. Þessi maður **deyfir** hvert vopn. Nú skaltu mínum ráðum fram fara og er hér sverð er ég vil gefa þér og með þessu skaltu **vega** en sýn honum annað.“

Gunnlaugur þakkaði konungi vel.

Og er þeir voru til hólms búnir þá spyr Þórormur hvernig sverð það væri er hann hafði. Gunnlaugur sýnir honum og bregður en hafði lykkju á **meðalkafla** á **konungsnaut** og dregur á hönd sér.

Berserkurinn mælti er hann sá sverðið: „Ekki hræðist ég það sverð,“ segir hann og hjó til Gunnlaugs með sverði og af honum mjög svo skjöldinn allan. Gunnlaugur hjó þegar í mót með konungsnaut en **berserkurinn** stóð hlífalaus fyrir og **hugði** að hann hefði hið sama vopn og hann sýndi en Gunnlaugur hjó hann þegar banahögg.

Konungur þakkaði honum verkið og af þessu fékk hann mikla frægð í Englandi og víða annars staðar.

Um vorið er skip gengu milli landa þá bað Gunnlaugur Aðalráð konung **orlofs** að sigla nokkuð. Konungur spyr hvað hann vildi þá.

Gunnlaugur svarar: „Ég vildi efna það sem ég hefi heitið,“ og kvað vísu þessa:

Koma skal eg víst að vitja
vígisdöglinga þriggja,
því hef eg hlutvöndum heitið,
hjarls og tveggja jarla.
hverfka eg aftr áðr arfi,
auðveitir gefr rauðan
ormabeð fyrir ermar,
odd-Gefnar mér stefni.

Lausleg endursögn vísu:

Ég þarf að vitja þriggja konunga og tveggja jarla.
Því hef ég lofað góðum mönnum. Ég sný ekki
aftur fyrir en konungur stefnir mér til orrustu.
Hann gefur mér rauðan gullhring að bera.

ormabeður: rúm ormsins, þ.e. gull (*beður*: rúm;
ormurinn lá á gulli, sbr. t.d. söguna af Sigurði
Fáfnisbana).

Gaman er að skoða innrímið (hendingarnar) í
vísunum sem ortar eru undir dróttkvæðum hætti,
sbr. t.d. (*h*)jarl – (*j*)jarl í 4. braglínu. Rímið er
innan hvernar braglínu um sig (en ekki er um
endarím að ræða).

„Svo skal og vera skáld,“ segir konungur og gaf honum gullhring er stóð sex aura „en því skaltu heita mér,“ segir konungur, „að koma aftur til mín að öðru hausti fyrir því að ég vil ei láta þig fyrir sakir íþróttar þessar.“

Aðalráður konungur Játgeirsson = Hér mun vera átt við Aðalráð II. hinn ráðlausa sem var konungur 968–1016.

ein var þá tunga = sama tungumál var þá talað.

Vilhjálmur bastardur vann England = Vilhjálmur bastardur réð yfir Normandí í Frakklandi og árið 1066 réðst hann á England gegn Haraldi Guðinasyni og hafði sigur.

valska = franska.

kvaddi (af **kveðja**) (hér) = heilsaði.

hlýða = hlusta á.

stef = endurtekin braglína eða braglínur í kvæði (með tilteknu millibili). Stefin voru nauðsynlegur hluti drápu (lofkvæðis). Ef ekki var stef í kvæðinu kallaðist það *flokkur* og þótti ekki eins virðulegt.

bragarlaun = laun fyrir kvæði (brag).
skarlatsskikkja = skikkja úr rauðu viðhafnarklæði.
skinndregin = brydduð með skinni.
hlaðbúin í skaut niður = með saumuðum skrautborða.
virtist vel = var vel virtur; í miklu álit.
torveldlegur = óárennilegur, erfiður viðureignar.
Norðmaður = norrænir menn voru gjarnan kallaðir Norðmenn.
selja að láni = lána.
nú hefir lítt til tekist = nú er illt í efni.
ránsmaður = ræningi.
eig ekki við hann = attu ekki kappi við hann; þú skalt ekki etja kappi við hann (*eig*: boðhátur af *eiga*).
göngum upp á saklausa menn = (við) hlaupum á náðir saklausra manna, þ.e. konungsins.
heimta = krefja (um féð).
gjalt = (boðhátur af gjalda) greiddu (mér féð).
bera skarðan hlut = fara halloka fyrir.
albúinn = reiðubúinn, fús.
deyfa = slæva; gera bitlaust.
vega = drepa.
meðalkafli = handfang sverðs.
konungsnautur = gjöf frá konungi.
huga = álíta, telja, halda.
berserkur = bardagamaður sem býr yfir yfirnáttúrlegum krafti (*ber*: skylt björn; *bera*: kvenkyns björn, birna; berserkir voru taldir hafa eitthvað af krafti bjarnarins). Berserkir neyddu menn gjarnan til hólmgöngu og sóttust eftir fé þeirra og jafnvel eiginkonum.
orlof = leyfi.
fyrir sakir íþróttar þinnar = vegna þess hve gott skáld þú ert (skáldskapur var íþrótt, og mikilvægt var fyrir konunginn að rifjuð væru upp afrek hans svo að orðstír hans bærist víða).

8. kafli

Síðan siglir Gunnlaugur af Englandi með kaupmönnum norður til **Dyflinnar**. Þá réð fyrir Írlandi Sigtryggur konungur silkiskegg, sonur Ólafs kvarans og Kormlaðar drottningar. Hann hafði þá skamma stund ráðið ríkinu. Gunnlaugur gekk þá fyrir konung og kvaddi hann vel og virðulega. Konungur tók honum **sæmilega**.

Gunnlaugur mælti: „Kvæði hefi ég ort um yður og vildi ég hljóð fá.“

Konungur svarar: „Ekki hafa menn til þess orðið fyrri að færa mér kvæði og skal víst hlýða.“

Gunnlaugur kvað þá **drápuna** og er þetta stefið í:

Elr sváru skæ
Sigtryggr við hræ.

Endursögn:
Sigtryggur elur úlf á hræjum

sváru skær: (kenning) tröllkonu hestur, þ.e. úlfur (*svára:* tröllkona; *skær:* hestur); tröllkonur riðu úlfum.

Og þetta er þar:

Kann eg máls of skil
hvern eg mæra vil
konungmanna kon,
hann er Kvarans son.
Muna gramr við mig,
venr hann gjöfli sig,
þess mun grepp vara,
gullhring spara.

Segi siklingr mér
ef hann heyrði sér
dýrlegra brag,
það er drápu lag.

Endursögn vísu:
Veit ég vel um hvern ég vil yrkja lof, en það er afkomandi konunga, sonur Kvarans. Konungurinn, sem er örlátur, mun ekki sjá eftir gullhring til að gefa mér. Það er trú skáldsins.

konur (kk) (þolfall: *kon*): ættingi, afkomandi (af þessu orði er orðið *konungur* leitt [kynborinn maður]).

Endursögn:
Konungur segi mér hvort hann hafi heyrt um sig dýrlegri brag en þessa drápu.

siklingur: konungur (í útgáfum hefur orðið *hildingur* (konungur) gjarnan verið sett í stað *siklingur* til þess að stuðlasetningin standist).

Báðar þessar vísur eru ortar undir runhendum hætti (sbr. endarímið). Hér er ekkert innrím.

Konungur þakkaði honum kvæðið og kallaði til sín féhirði sinn og mælti svo: „Hverju skal launa kvæðið?“

Hann svarar: „Hverju viljið þér herra?“ segir hann.

„Hversu er launað,“ segir konungur, „ef ég gef honum **knörru** tvo?“

Féhirslumaður svarar: „Of mikið er það, herra,“ segir hann. „Aðrir konungar gefa að bragarlaunum gripi góða, sverð góð eða gullhringa góða.“

Konungur gaf honum klæði sín af nýju skarlati, kyrtil **hlaðbúinn** og skikkju með ágætum skinnum og gullhring er stóð mörk. Gunnlaugur þakkaði honum vel og dvaldist þar skamma stund og fór þaðan til Orkneyja.

Þá réð fyrir Orkneyjum Sigurður jarl Hlöðvisson. Hann var vel til íslenskra manna. Gunnlaugur kvaddi jarl vel og kveðst hafa að færa honum kvæði. Jarl kvaðst hlýða vilja kvæði hans, svo **stórra manna** sem hann var á Íslandi. Gunnlaugur flutti kvæðið og var það **flokkur** og vel ortur. Jarl gaf honum breiðöxi, **silfurrekna** alla **þar er bæta þótti**, að kvæðislaunum og bauð honum með sér að vera.

Gunnlaugur þakkaði honum gjöfina og svo boð hið sama en kveðst verða að fara austur til Svíþjóðar og gekk síðan á skip með kaupmönnum þeim er sigldu til Noregs og komu um haustið austur við Konungahellu. Þorkell frændi hans fylgdi honum jafnan. Úr Konungahellu fengu þeir sér **leiðtoga** upp í Gautland hið vestra og komu fram í kaupstað þeim er í Skörum heitir.

Þar réð fyrir jarl sá er Sigurður hét og var við aldur. Gunnlaugur gekk fyrir hann og kvaddi hann vel og kvaðst kvæði hafa ort um hann. Jarl gaf gott hljóð til. Gunnlaugur kvað kvæðið og var það flokkur. Jarl þakkaði honum og launaði honum vel og bauð honum með sér að vera um veturinn.

Sigurður jarl hafði jólaboð mikið um veturinn. Og aðfangadag jóla koma þar sendimenn Eiríks jarls norðan af Noregi tólf saman. Þeir fóru með gjöfum til Sigurðar jarls. Jarlinn fagnaði þeim vel og skipaði þeim um jólin hjá Gunnlaugi. Þar voru ólæti mikil.

Gautar ræddu um að enginn jarl væri meiri og frægari en Sigurður. Noregsmönnum þótti Eiríkur jarl miklu framar og um þetta þrættu þeir og tóku Gunnlaug til **úrskurðarmanns** hvorirtveggju um þetta mál.

Gunnlaugur kvað þá vísu þessa:

Segið ér frá jarli,
oddfemu stafir, þeima,
hann hefir litnar hávar,
hár karl er sá, bárur.
Sigreynir hefir sénar
sjálfr í miklu gjálfri
austur fyrir unnar hesti
Eiríkr bláar fleiri.

Endursögn vísu:

Þið hermenn segið frá þessum jarli, hinum gráhærða Sigurði, sem hefur litið háar öldur. En Eiríkur hefur séð fleiri slíkar öldur fyrir austan.

unnar hestur: öldu hestur, þ.e. skip (dæmi um mjög einfalda kenningu).

Við veitum innríminu eftirtekt: í jöfnu braglínunum ríma (yfirleitt) sérhljóð og samhljóð sem þeim fylgja: (f)eim – (þ)eim; (h)ár – (b)ár; (s)jálfr – (g)jálfr; Eir – (fl)eir (aðalhendingar). Í ójöfnu braglínunum ríma einungis samhljóðin, t.d. aust–hest í 7. línu (skothending).

Hvorirtveggju undu vel við úrskurðinn en betur Noregsmenn. Sendimenn fóru þaðan eftir jólin með féggjöfum er Sigurður jarl sendi Eiríki jarli. Sögðu þeir nú Eiríki jarli úrskurðinn Gunnlaugs. Jarli þótti Gunnlaugur hafa sýnt við sig **einurð** og vináttu og lét þau orð um fara að Gunnlaugur skyldi þar **friðland** hafa í hans ríki. Það frétti Gunnlaugur síðan hvað jarl hafði um mælt.

Sigurður jarl fékk Gunnlaugi leiðtoga austur í Tíundaland í Svíþjóð sem hann beiddi.

Dyflinn = helsta borg Írlands, Dublin.

sæmilega = með sóma, mjög vel.

drápa = drápa var sérstök gerð kvæða sem skreytt voru stefjum, nokkurs konar viðlögum.

Drápa þótti tilkomumeiri en flokkur því að í flokki voru ekki stef.

knörr (ft. *knerrir*) = kaupskip (*knörru* er gamalt þf.ft. af *knörr*).

hlaðbúinn = með saumuðum skrautborða.

stórra manna = af góðri ætt, stórættaður.

flokkur = kvæði (lofkvæði) sem ekki hafði að geyma stef (*drápa* var aftur á móti með stefi/stefjum).

silfurrekin = skreytt með silfri.

þar er bæta þótti = þar sem við átti.

leiðtogi = leiðsögumaður, fylgdarmaður.

úrskurðarmaður = dómari; sá sem sker úr um ágreiningsefni

einurð = trúmennsku.

hafa friðland = hafa full grið; geta farið í friði (um ríkið).

9. kafli

Þennan tíma réð fyrir Svíþjóð Ólafur konungur sænski sonur Eiríks konungs sigursæla og Sigríðar hinnar **stórráðu** dóttur Sköglar-Tósta. Hann var ríkur konungur og ágætur, metnaðarmaður mikill.

Gunnlaugur kom til Uppsala nær þingi þeirra Svía um vorið og er hann náði konungs fundi kvaddi hann konunginn. Hann tók honum vel og spyr hver hann væri. Hann kvaðst vera Íslandsmaður. Þar var þá með Ólafi konungi Hrafn Öundurson.

Konungur mælti: „Hrafn,“ segir hann, „hvað manna er hann á Íslandi?“

Maður stóð upp af hinum **óæðra bekk**, mikill og **vasklegur**, gekk fyrir konung og mælti: „Herra,“ segir hann, „hann er hinnar bestu ættar og sjálfur hinn vaskasti maður.“

„Fari hann þá og sitji hjá þér,“ sagði konungur.

Gunnlaugur mælti: „Kvæði hefi ég að færa yður,“ sagði hann, „og vildi ég að þér hlýdduð og gæfuð hljóð til.“

„Gangið fyrst og sitjið,“ sagði konungur. „Ekki er nú **tóm** til yfir kvæðum að sitja.“

Þeir gerðu svo. Tóku þeir þá tal með sér Gunnlaugur og Hrafn. Sagði hvor öðrum frá ferðum sínum. Hrafn kvaðst farið hafa áður um sumarið af Íslandi til Noregs og **öndverðan** vetur austur til Svíþjóðar. Þar gerist brátt vel með þeim.

Og einn dag er liðið var þingið voru þeir báðir fyrir konungi Gunnlaugur og Hrafn.

Þá mælti Gunnlaugur: „Nú vildi ég, herra,“ segir hann, „að þér heyrðuð kvæðið.“

„Það má nú,“ segir hann.

„Nú vil ég flytja kvæði mitt, herra,“ segir Hrafn.

„Það má vel,“ segir hann.

„Þá vil ég flytja fyrr kvæði mitt, herra,“ segir Gunnlaugur, „ef þér viljið svo.“

„Ég á fyrr að flytja, herra,“ segir Hrafn, „er ég kom fyrr til yðar.“

Gunnlaugur mælti: „**Hvar komu feður okkar þess**,“ segir hann, „að minn faðir væri eftirbátur þíns föður, **hvar nema alls hvergi?** Skal og svo með okkur vera.“

Hrafn svarar: „Gerum þá kurteisi,“ segir hann, „að vér færum þetta ei í **kappmæli** og látum konung ráða.“

Konungur mælti: „Gunnlaugur skal fyrri flytja því að **honum eirir illa** ef hann hefir ei sitt mál.“

Þá kvað Gunnlaugur drápuna er hann hafði orta um Ólaf konung.

Og er lokið var drápunni þá mælti konungur: „Hrafn,“ sagði hann, „hversu er kvæðið ort?“

„Vel, herra,“ sagði hann. „Það er stórt kvæði og ófagurt og nokkuð stirðkveðið sem Gunnlaugur er sjálfur í skaplyndi.“

„Nú skaltu flytja þitt kvæði, Hrafn,“ segir konungur.

Hann gerir svo.

Og er lokið var þá mælti konungur: „Gunnlaugur,“ segir hann, „hversu er kvæði þetta ort?“

Gunnlaugur svarar: „Vel, herra,“ segir hann. „Þetta er fagurt kvæði sem Hrafn er sjálfur að sjá og **yfirbragðslítið**. Eða hví ortir þú flokk um konunginn,“ segir hann, „eða þótti þér hann ei drápunnar verður?“

Hrafn svarar: „Tölum þetta ei lengur. **Til mun verða tekið** þótt síðar sé,“ segir hann, og skildu nú við svo búið.

Litlu síðar gerðist Hrafn hirðmaður Ólafs konungs og bað hann orlofs til brottferðar. Konungur veitti honum það.

Og er Hrafn var til brottferðar búinn þá mælti hann til Gunnlaugs: „Lokið skal nú okkar vináttu fyrir því að þú vildir **hræpa** mig hér fyrir höfðingjum. Nú skal ég einhverju sinni eigi þig minna **vanvirða** en þú vildir mig hér.“

Gunnlaugur svarar: „Ekki hryggja mig **hót** þín,“ segir hann, „og hvergi munum við þess koma að ég sé minna virður en þú.“

Ólafur konungur gaf Hrafn góðar gjafir að skilnaði og fór hann í brott síðan.

Hrafn fór austan um vorið og kom til Þrándheims og bjó skip sitt og sigldi til Íslands um sumarið og kom skipi sínu í Leiruvog fyrir neðan **Heiði** og urðu honum fegnir frændur og vinir og var hann heima þann vetur með föður sínum.

Og um sumarið á alþingi fundust þeir frændur, Skafti lögmaður og Skáld-Hrafn.

Þá mælti Hrafn: „Þitt **fullting** vildi ég hafa til kvonbænar við Þorstein Egilsson að biðja Helgu dóttur hans.“

Skafti svarar: „Er hún eigi áður heitkona Gunnlaugs ormstungu?“

Hrafn svarar: „Er ei liðin sú **stefna** nú,“ segir hann, „sem **mælt var með þeim**? Enda er **miklu meiri hans ofsi er hann muni nú þess gá eða geyma**.“

Skafti svarar: „Gerum sem þér líkar.“

Síðan gengu þeir fjölmennir til búðar Þorsteins Egilssonar. Hann fagnaði þeim vel.

Skafti mælti: „Hrafn frændi minn vill biðja Helgu dóttur þinnar og er þér kunnug ætt hans og auður fjár og **menning** góð, frænda afli mikill og vina.“

Þorsteinn svarar: „Hún er áður heitkona Gunnlaugs og vil ég halda öll mál við hann, þau sem mælt voru.“

Skafti mælti: „Eru nú eigi liðnir þrír vetur er til voru nefndir með yður?“

„Já,“ sagði Þorsteinn, „en ei er sumarið liðið og má hann enn til koma í sumar.“

Skafti svarar: „En ef hann kemur eigi til sumarlangt hverja von skulum vér þá eiga þessa máls?“

Þorsteinn svarar: „Hér munum vér koma annað sumar og má þá sjá hvað ráðlegast þykir en **ekki tjáir** nú þetta að tala lengur að sinni.“

Og við það skildu þeir og riðu menn heim af þingi.

Ekki fór þetta tal leynt að Hrafn bað Helgu. Ei kom Gunnlaugur út að sumri.

Og annað sumar á alþingi fluttu þeir Skafti bónorðið **ákaflega**, kváðu þá Þorstein lausan allra mála við Gunnlaug.

Þorsteinn svarar: „Ég á fáar dætur fyrir að sjá og vildi ég gjarna að engum manni yrðu þær að **rógi**. Nú vil ég finna fyrst Illuga svarta.“

Og svo gerði hann.

Og er þeir fundust þá mælti Þorsteinn: „Þykir þér ég laus allra mála við Gunnlaug son þinn?“

Illugi mælti: „Svo er víst,“ segir hann, „ef þú vilt. Kann ég hér nú fátt til að leggja er ég veit eigi gjörla efni sonar mín Gunnlaugs.“

Þorsteinn gekk þá til Skafta og keyptu þeir svo að **brúðlaup** skyldi vera að **veturnáttum** að Borg ef Gunnlaugur kæmi eigi út á því sumri en Þorsteinn laus allra mála við Hrafn ef Gunnlaugur kæmi til og vitjaði ráðsins.

Eftir það riðu menn heim af þinginu og frestaðist tilkoma Gunnlaugs en Helga **hugði illt til ráða**.

stórráð = ráðrík.

óæðra bekk = ótignari sæti.

vasklegur = rösklegur, hraustlegur

tóm = tími.

öndverður vetur = fyrri hluti vetrar.

hvar komu feður okkar þess = hvar voru feður okkar þar sem málum var þannig háttað að....

hvar nema alls hvergi = ekki nokkurs staðar.

kappmæli = deilumál.

honum eirir illa = hann þolir illa.

yfirbragðslítið = tilþrífalítið.

til mun verða tekið = þetta mun verða rifjað upp
hræpa = lítillækka; valda skömm.
vanvirða = lítillækka, auðmýkja.
hót þín = hótanir þínar.
Heiði = Mosfellsheiði.
fullting = liðsinni, stuðningur.
stefna = frestur.
mælt var með þeim = ákveðið var með þeim.
er miklu meiri hans ofsi er hann muni nú þess gá eða geyma = ofsi hans og metnaður er nú slíkur að hann mun ekki huga að loforði sínu (gagnvart Helgu).
menning = manndómur; virðing.
ekki tjáir = það þjónar engum tilgangi.
ákaflega = mjög fast.
að rógi = að deiluefni.
brúðlaup = brúðkaup; gifting.
að veturnáttum = við upphaf vetrar.
hugði illt til ráða = leist illa á málið.

10. kafli

Nú er að segja frá Gunnlaugi að hann fór af Svíþjóðu það sumar til Englands er Hrafn fór til Íslands og þá góðar gjafir af Ólafi konungi að skilnaði þeirra. Aðalráður konungur tók við Gunnlaugi **allvel** og var hann með honum um veturinn með góðri sæmd.

Í þennan tíma réð fyrir Danmörku **Knútur hinn ríki Sveinsson** og hafði nýtekið við föðurleifð sinni og **heitaðist jafnan** að herja til Englands fyrir því að **Sveinn konungur** faðir hans hafði unnið mikið ríki á Englandi áður hann andaðist vestur þar. **Og í þann tíma var mikill her danskra manna vestur þar** og var sá höfðingi fyrir er Hemingur hét, sonur Strút-Haralds jarls og bróðir Sigvalda jarls, og hélt hann það ríki undir Knút konung er Sveinn konungur hafði áður unnið.

Um vorið bað Gunnlaugur konunginn sér orlofs til brottferðar.

Hann svarar: „Ei **samir** þér nú að fara frá mér til slíks ófriðar sem nú horfir hér í Englandi þar sem þú ert minn hirðmaður.“

Gunnlaugur svarar: „Þér skuluð ráða minn herra og gef mér orlof að sumri til brottferðar ef Danir koma eigi.“

Konungur svarar: „Sjáum við þá.“

Nú leið það sumar og veturinn eftir og komu Danir eigi. Og eftir mitt sumar fékk Gunnlaugur orlof til brottferðar af konungi og fór Gunnlaugur þaðan austur til Noregs og fann Eirík jarl í Þrándheimi á Hlöðum og tók jarl honum þá vel og bauð honum þá með sér að vera. Gunnlaugur þakkar honum boðið og kveðst þó vilja fara fyrst út til Íslands **á vit festarmeyjar sinnar**.

Jarl mælti: „Nú eru öll skip í brottu, þau er til Íslands bjuggust.“

Þá mælti hirðmaður einn: „Hér lá Hallfreður vandræðaskáld í gær út undir Agðanesi.“

Jarl svarar: „Svo má vera,“ segir hann. „Hann sigldi héðan fyrir fimm nóttum.“

Eiríkur jarl lét þá flytja Gunnlaug út til Hallfreðar. Hallfreður tók við honum með fagnaði og gaf þegar byr undan landi og voru vel kátir. Það var síð sumars.

Hallfreður mælti til Gunnlaugs: „Hefir þú frétt bónorðið Hrafns Önundarsonar við Helgu hina fögru?“

Gunnlaugur kveðst frétt hafa og þó **ógiörla**. Hallfreður segir honum slíkt sem hann vissi af og það með að margir menn mæltu það að Hrafn væri ei **óröskari** en Gunnlaugur.

Gunnlaugur kvað þá vísu:

Ræki eg lítt þó leiki,
létt veðr er nú, þéttan
austanvindr að öndri
andness viku þessa.
Meir sjáumk hitt, en hæru
hoddstríðandi bíðit,
orð að eg eigi verði
jafnröskr talinn Hrafni.

Lausleg endursögn vísu:

Ég óttast ekki þótt austanvindurinn leiki
kröftuglega um skipið þessa viku. Ég
óttast meira að verða ekki álitinn jafnoki
Hrafns en það að verða ekki gamall.

hoddstríðandi: eyðandi gulls, þ.e. örlátur
maður; maður (*hodd*: gull).

Hér talar dæmigerð hetja sem ekki óttast
dauðann; aðalatriðið er að orðstírinn bíði
ekki hnekki.

Hallfreður mælti þá: „Þess þyrfti, félagi, að þér veitti betur málin við Hrafn en mér. Ég
kom skipi mínu í Leiruvog fyrir neðan Heiði fyrir fáum vetrum og átti ég að gjalda hálfra
mörk silfurs húskarli Hrafns og **hélt ég því fyrir honum**. En Hrafn reið til vor með sex
tigu manna og **hjó strengina** og rak skipið upp á **leirur** og **búið við** skipbroti. Varð ég þá
að selja Hrafni sjálfðæmi og **galt** ég mörk og eru slíkar mínar að segja frá honum.

Og þá varð þeim eintalað um Helgu og lofaði Hallfreður mjög vænleik hennar.
Gunnlaugur kvað þá:

Munat háðvörum hyrjar
hríðmundaðar þundi
hafna hörvi drifna
hlýða jörð að þýðast
því að lautsíkjar lékum
lyngs, er vorum yngri,
alnar gims á ýmsum
andnesjum því landi.

Lausleg endursögn vísu:

Orðvari hermaðurinn (Hrafn) mun ekki ná
ástum hinnar línklæddu konu (Helgu), því
þegar við vorum yngri hafði hún mikla
ástúð á mér.

Tökum eftir innríminu (aðalhendingunum)
í jöfnu braglínunum, þ.e. línu 2, 4, 6 og 8,
t.d. (m)und – (þ)und.

„Þetta er vel ort,“ segir Hallfreður.

Þeir tóku land norður á Melrakkaslétu í Hraunhöfn hálfum mánuði fyrir vetur og
skipuðu þar upp.

Þórður hét maður. Hann var bóndasonur þar á Sléttunni. Hann gekk í glímur við þá
kaupmennina og gekk þeim illa við hann. Þá varð **komið saman fangi** með þeim
Gunnlaugi. Og um nóttina áður hét Þórður á Þór til sigurs sér. Og um daginn er þeir
fundust tóku þeir til glímu. Þá **laust** Gunnlaugur báða fæturna undan Þórði og féldi
hann mikið fall en fóturinn Gunnlaugs stökk úr liði, sá er hann stóð á, og féll
Gunnlaugur þá með Þórði.

Þá mælti Þórður: „Vera má,“ segir hann, „að þér vegni eigi annað betur.“

„Hvað þá?“ segir Gunnlaugur.

„Málin við Hrafn ef hann fær Helgu hinnar vænu að veturnóttum og var ég hjá í sumar á alþingi **er það réðst.**“

Gunnlaugur svarar engu. Þá var vafinn fóturinn og í liðinn færður og **þrútnaði** allmjög.

Þeir Hallfreður riðu tólf menn saman og komu suður á Gilsbakka í Borgarfirði það laugardagskvöld er þeir sátu að brúðlaupinu að Borg. Illugi varð feginn Gunnlaugi syni sínum og hans förunautum. Gunnlaugur kvaðst þá þegar vilja ofan ríða til Borgar. Illugi kvað það ekki ráð og svo sýndist öllum nema Gunnlaugi en Gunnlaugur var þó ófær **fyrir fótans sakir** þótt hann léti ekki á sjást og varð því ekki af ferðinni.

Hallfreður reið heim um morguninn til Hreðuvatns í Norðurárdal. Þar réð fyrir eignum þeirra Galti bróðir hans og var vaskur maður.

allvel = mjög vel

Knútur hinn ríki Sveinsson = eftir að faðir Knúts, Sveinn tjúguskegg, féll frá árið 1014 var Knútur valinn konungur á Englandi af víkingum sem þar höfðu náð fótfestu, en náði þó ekki völdum fyrr en hann sigraði Játmund járnsíðu árið 1016. Hann var konungur Danmerkur frá 1018 og Noregs frá 1028. Knútur lést 1035.

heitaðist jafnan = hótaði jafnan.

Sveinn konungur = Sveinn tjúguskegg var konungur í Danmörku frá því u.þ.b. 985 og Suður-Noregs frá því árið 1000. Hann herjaði á England frá 980 og náði þar fótfestu og þvingaði m.a. Aðalráð ráðlausa til að greiða sér svokölluð Danagjöld. Vann hann landið undir sig árið 1013 en lést ári síðar.

og í þann tíma var mikill her danskra manna vestur þar = Danskir víkingar náðu að hreiðra um sig á Austur-Englandi í kringum 865 og stofnuðu þar sérstakt ríki sem kallaðist Danalög. Hélt það fram til 927.

ei samir: það sæmir ekki; er ekki viðeigandi.

á vit festarmeyjar sinnar = hér talar Gunnlaugur eins og Helga sé honum *föstnuð*; það er ekki alveg rétt því hún var einungis *heitkona* hans í þrjá vetur.

Hallfreður vandræðaskáld = af Hallferði er til sérstök saga, *Hallfreðar saga*, sem m.a. lýsir innri trúarátökum og ástum hans og Kolfinnu.

ógjörla = óljóst.

óröskari = kraftminni; óvaskari; minni röskleikamaður.

hélt ég því fyrir honum = ég greiddi honum það ekki.

hjó strengina = skar á landfestar sem héldu skipinu.

leirur = leirborið svæði sem vatn flýtur yfir, t.d. á flóði.

búið við = lá við.

galt (þt. af *gjalda*) = greiddi; borgaði.

koma saman fangi = efna til glímu.

laust (þt. af *ljósta*) = sló.

er það réðst = þegar það var ákveðið.

þrútna = bólгна.

fyrir fótans sakir = vegna fótans.

11. kafli

Nú er að segja frá Hrafni að hann sat að brúðlaupi sínu að Borg og er það flestra manna sögn að brúðurin væri heldur döpur, og er það satt sem mælt er að **lengi man það er ungur getur** og var henni nú og svo.

Það varð **til nýlundu** þar að veislunni að sá maður það Húngerðar Þóroddsdóttur og Jófríðar er Svertingur hét og var Hafur-Bjarnarson Molda-Gnúpssonar og skyldu þau ráð takast um veturinn eftir jól uppi að Skáney. Þar bjó Þorkell frændi Húngerðar, sonur Torfa Valbrandssonar. Móðir Torfa var Þórodda systir Tungu-Odds.

Hrafn fór heim til Mosfells með Helgu konu sína. Og er þau höfðu þar skamma stund verið þá var það einn morgun áður þau risu upp að Helga vakir en Hrafn svaf og lét hann illa í svefni. Og er hann vaknaði spyr Helga hvað hann hefði dreymt. Hrafn kvað þá vísu:

Hugðumst orms á armi
ý döggar þér höggvinn,
væri, brúðr, í blóði
beðr þinn roðinn mínu,
knættit endr um undir
ölstafns Njörun Hrafni,
líka getr það lauka
lind, höggbyrnis binda.

Lausleg endursögn vísu:

Mér fannst ég vera höggvinn með sverði í
faðmi þínum og að rúm þitt væri roðið
blóði. Konan (Helga) gat ekki bundið um
sárið. Grét hún það ekki.

*ölstafns Njörun: (kenning) kona (Njörun:
ásynja; ölstafn: drykkjarhorn; ásynja
drykkjarhorns: kona (sem ber fram öl).*

Helga mælti: „Það mun ég aldrei gráta,“ segir hún. „Hafið þér illa svikið mig. Mun Gunnlaugur **út kominn**,“ og grét Helga þá mjög.

Og litlu síðar **fluttist** útkoma Gunnlaugs. Helga gerðist þá svo stíð við Hrafn að hann fékk eigi haldið henni heima þar og fóru þau þá heim aftur til Borgar og nýtti Hrafn lítið af samvistum við hana.

Nú búast menn til boðs um veturinn. Þorkell frá Skáney bauð Illuga svarta og sonum hans. Og er Illugi bóndi bjóst þá sat Gunnlaugur í stofu og bjóst ekki.

Illugi gekk til hans og mælti: „Hví býst þú ekki, frændi?“

Gunnlaugur svarar: „Ég ætla eigi að fara.“

Illugi mælti: „Fara skaltu víst, frændi,“ segir hann, „og **slá ekki slíku á þig** að þrá eftir einni konu og lát sem þú vitir eigi og mun þig aldrei konur skorta.“

Gunnlaugur gerði sem faðir hans mælti og komu þeir til boðsins og var þeim Illuga og sonum hans skipað í **öndvegi** en þeim Þorsteini Egilssyni og Hrafni mági hans og sveitinni brúðguma í annað öndvegi gegnt Illuga.

Konur sátu á **palli** og sat Helga hin fagra næst brúðinni og renndi oft augum til Gunnlaugs, og kemur þar að því sem mælt er að eigi leyna augu ef ann kona manni. Gunnlaugur var þá vel búinn og hafði þá klæðin þau hin góðu er Sigtryggur konungur gaf honum og þótti hann þá mikið afbragð annarra manna fyrir margs sakir, bæði afls og vænleiks og vaxtar.

Lítill var gleði manna að boðinu. Og þann dag er menn voru í brottbúningi þá brugðu konur göngu sinni og bjuggust til heimferðar. Gunnlaugur gekk þá til tals við Helgu og töluðu lengi. Og þá kvað Gunnlaugur vísu:

Ormstungu varð engi
allr dagr und sal fjalla
hægr síð er Helga hin fagra
Hrafns kvonar réð nafni.
Lítt sá höldr hinn hvíti,
hjörþeys, faðir meyar,
gefin var Eir til aura
ung, við minni tungu.

Lausleg endursögn vísu:

Ég (Ormstunga) hef ekki litið glaðan dag hér á jörðu síðan Helga hin fagra var gefin Hrafni. Hinn ljósi maður, faðir hennar, hafði orð mín að engu og gaf hina ungu konu til fjár.

salur fjalla: himinn

hjörþeys höldur: hermaður (*hjör:* sverð; *þeyr:* gola; *gola sverðsins:* orusta; *höldur orustu:* hermaður; *höldur:* óðalsbóndi).

Það kemur ekki fram í sjálfum sögutextanum að Þorsteinn hafi gefið Helgu til fjár.

Og enn kvað hann:

Væn á eg verst að launa,
vín-Gefn, föður þínum,
fold nemr flaum af skaldi
flóðhys, og svo móður,
því að gerðu Bil borða
bæði senn und klæðum,
her hafi hölds og svarra
hagvirki, svo fagra.

Lausleg endursögn vísu:

Ég á föður þínum og móður grátt að gjalda sem sviptu mig (skáldið) gleði minni. Þau sem í sameiningu skópu hina fögru stúlku. Helga hin fagra var gefin Hrafni. Skrambinn hafi þá fögru smíð (þ.e. það sem foreldrar Helgu bjuggu til).

fold flóðhys: kvenkenning (*fold:* land; *flóðhys:* eldur sjávar, þ.e. gull; *land gullsins:* kona sem skreytt er með gulli).

Gunnlaugur óskar þess í rauninni að Helga hefði aldrei fæðst.

Og þá gaf Gunnlaugur Helgu skikkjuna **Aðalráðsnaut** og var það gersemi sem mest. Hún þakkaði honum vel gjöfina.

Síðan gekk Gunnlaugur út og voru þá komin hross og hestar söðlaðir og margir allvænlegir og bundnir heima á hlaðinu. Gunnlaugur hljóp á bak einhverjum hesti og reið á skeið eftir túninu og að þangað er Hrafn stóð fyrir og varð Hrafn að hopa undan.

Gunnlaugur mælti: „Ekki er að hopa undan, Hrafn,“ segir hann, „fyrir því að enga ógn býð ég þér að sinni en þú veist til hvers þú hefir unnið.“

Hrafn svarar og kvað vísu:

Samira okkr um eina,
Ullr beinflugu, Fullu,
frægir fólka Ságu,
fangs í brigð að ganga.
Mjök eru margar slíkar,
morðrunnr, fyrir haf sunnan,
ýti eg sævar Sóta,
sannfróðr, konur góðar.

Lausleg endursögn vísu:

Okkur sæmir ekki að deila um eina konu.
Þú veist að margar slíkar konur er að finna
fyrir sunnan haf. Ég ýti skipi á flot.

samir-a: sæmir ekki, það er okkur ekki
sæmandi (-a er hér neitunarending).
sævar Sóti: hestur sævarins, þ.e. skip
(*Sóti*: nafn á hesti).

Hugsanlega lætur Hrafn hér að því liggja
að Gunnlaugur hafi átt vingott við konur í
utanferð sinni.

Gunnlaugur svarar: „Vera má,“ segir hann, „að margar séu en eigi þykir mér svo.“

Þá hlupu þeir Illugi að og Þorsteinn og vildu ekki að þeir ættust við.

Þá kvað Gunnlaugur vísu:

Gefin var Eir til aura
ormdags hin litfagra,
þann kveða menn né minna
minn jafnoka, Hrafni,
allra nýstr meðan austan
Aðalráðr farar dvaldi,
því er menrýris minni
málgráðr, í gny stála.

Lausleg endursögn vísu:

Hin fagra kona var gefin til fjár, Hrafni,
sem menn telja minn jafnoka, meðan
Aðalráður tafði mína för vegna orrustu.
Því er mér þungt í skapi.

Eir ormdags: kona (*ormdagur*: birta orma,
þ.e. gull; *Eir gullsins*, þ.e. *ásynja gullsins*:
kona; *Eir*: *ásynja*).

Og eftir þetta riðu menn heim hvorirtveggju og var allt kyrrt og tíðindalaust um veturinn. **Nýtti Hrafn ekki síðan af samvistum við Helgu** þá er þau Gunnlaugur höfðu fundist.

Og um sumarið riðu menn fjölmennir til þings, Illugi svarti og synir hans með honum, Gunnlaugur og Hermundur, Þorsteinn Egilsson og Kollsveinn sonur hans, Önundur frá Mosfelli og synir hans allir, Svertingur Hafur-Bjarnarson.

Skafti hafði þá enn lögsögu.

Og einn dag á þinginu er menn gengu fjölmennir til Lögbergs og er þar var **lykt að mæla lögskilum** þá kvaddi Gunnlaugur sér hljóðs og mælti: „Er Hrafn hér Önundarson?“

Hann kveðst þar vera.

Gunnlaugur ormstunga mælti þá: „Það veist þú að þú hefir fengið heitkonu minnar og **dregst til fjandskapar** við mig nú fyrir það. Vil ég bjóða þér hólmgöngu hér á þinginu á þriggja náttu fresti í Öxarárhólmi.“

Hrafn svarar: „Þetta er vel boðið sem von var að þér,“ segir hann, „og er ég þessa albúinn þegar þú vilt.“

Þetta þótti illt frændum hvorstveggja þeirra en þó voru það lög í þann tíma að bjóða hólmgöngu sá er vanhluta þóttist verða fyrir öðrum.

Og er þrjár nætur voru liðnar bjuggust þeir til hólmgöngu og fylgdi Illugi svarti syni sínum til hólmsins með miklu fjölmenni. En Skafti lögmaður fylgdi Hrafn og faðir hans og aðrir frændur hans.

Og áður Gunnlaugur gengi út í hólminn þá kvað hann vísu þessa:

Nú em eg út á eyri
alvangs búinn ganga,
happs unni goð greppi,
gert, með tognum hjörvi.
Hnakk skal Helgu lokka,
haus vinn eg frá bol lausan
loks með ljósum mæki
ljúfsvelgs, í tvö kljúfa.

Lausleg endursögn vísu:

Nú er ég tilbúinn að ganga með brugðið sverð til hólmgöngu á þingstað. Guð gefi skáldinu sigur. Ég mun höggva höfuðið af Hrafn og kljúfa hann í herðar niður með björtu sverði.

Í fornsögum er algengt að skáldið yrki vísu á mikilvægum augnablikum, t.d. rétt fyrir eða rétt eftir hetjudáð.

Við tökum eftir því að skáldið ákallar hér guð (goð í handriti); sennilega er átt við guð kristinna manna því að kristni hafði nýlega verið lögtekin þegar þessir atburðir verða.

Hrafn svarar og kvað þetta:

Veitat greppr hvor greppa
gagnsælli hlýtr fagna.
Hér er bensigðum brugðið.
Búin er egg í leggi.
Það mun ein og ekkja
ung mæ, þó að við særumst,
þorna spöng af þingi
þegns hugrekki fregna.

Lausleg endursögn vísu:

Skáldið veit ekki hvort skáldanna mun
hljóta sigur. Hér er sverðum brugðið, og
egginn er tilbúin að höggva bein. Ekki mun
unga ekkjan fá fregnir af öðru en hugrekki
mínu.

greppur: skáld (orð eins og *greppur*, sem
einungis eru notuð í skáldskap, kallast *heiti*.
Fleiri dæmi um heiti: *svanni* (kona), *halur*
(maður), *jór* (hestur).

Hermundur hélt skildi fyrir Gunnlaug bróður sinn en Svertingur Hafur-Bjarnarson fyrir Hrafn. Þrem mörkum silfurs skyldi sá leysa sig af hólminum er sár yrði.

Hrafn átti fyrr að höggva er á hann var skorað og hjó hann í skjöld Gunnlaugs ofanverðan og brast sverðið þegar sundur undir hjöltunum er til var höggvið af miklu afli. **Blóðrefillinn** hraut upp af skildinum og kom á kinn Gunnlaugi og **skeindist** hann heldur en eigi. Þá hlupu feður þeirra þegar á millum og margir aðrir menn.

Þá mælti Gunnlaugur: „Nú kalla ég að Hrafn sé sigraður er hann er **slyppur**.“

„En ég kalla að þú sért sigraður,“ segir Hrafn, „er þú ert sár orðinn.“

Gunnlaugur var þá allæfur og reiður mjög og kvað ekki reynt vera. Illugi faðir hans kvað þá eigi skyldu reyna meir að sinni.

Gunnlaugur svarar: „Það mundi ég vilja,“ segir hann, „að við Hrafn mættumst svo öðru sinni að þú værir fjarri, faðir, að skilja okkur.“

Og við þetta skildu þeir að sinni og gengu menn heim til búða sinna.

Og annan dag eftir í lögréttu var það í lög sett að af skyldi taka hólmgöngur allar þaðan í frá og var það gert að ráði allra vitrustu manna er við voru staddir en þar voru allir þeir er vitrastir voru á landinu. Og þessi hefir hólmganga síðast framin verið á Íslandi er þeir Hrafn og Gunnlaugur börðust. Það hefir hið þriðja þing verið fjölmennast, annað eftir brennu Njáls, hið þriðja eftir Heiðarvíg.

Og einn morgun er þeir bræður Hermundur og Gunnlaugur gengu til Öxarár að þvo sér þá gengu öðru megin að ánni konur margar og var þar Helga hin fagra í því liði.

Þá mælti Hermundur: „Sérð þú Helgu vinkonu þína hér fyrir handan ána?“

Gunnlaugur svarar: „Sé ég hana víst.“

Og þá kvað Gunnlaugur vísu þessa:

Alin var rýgr að rógi,
runnr olli því Gunnar,
lág var eg auðs að eiga
óðgjarn, fira börnum.
Nú eru svanmærrar síðan
svört augu mér bauga
lands til lýsi-Gunnar
lítilþörf að líta.

Lausleg endursögn vísu:

Konan var borin (fædd) til að ala á deilum milli manna og því olli hermaðurinn Þorsteinn á Borg eða Hrafn?). Ég vildi ólmur eignast konuna, en nú gagnast mér lítið að horfa svörtum augum til þessarar svanfríðu snótar.

runnr Gunnar: hermaður (*Gunnur:* valkyrja; *runnr* (þ.e. tré) *valkyrjunnar:* hermaður).

Veitum athygli andstæðunum í vísunni: svört augu Gunnlaugs og svanhvít konan.

Síðan gengu þeir yfir ána og töluðu þau Helga og Gunnlaugur um stund. Og er þeir gengu austur yfir ána þá stóð Helga og starði á Gunnlaug lengi eftir.

Gunnlaugur leit þá aftur yfir ána og kvað vísu þessa:

Brámáni skein brúna
brims af ljósum himni
Hristar hörvi glæstrar
haukfránn á mig lauka.
En sá geisli sýslar
síðan gullmens Fríðar
hvarma tungls og hringa
Hlínar óþurft mína.

Lausleg endursögn vísu:

Augu hinnar línklæddu konu litu á mig en það augntillit veldur okkur báðum leiða og angri.

Þessi vísa er einnig í Kormáks sögu og er þar eignuð Kormáki skáldi. Talið er að vísan sé þaðan komin í Gunnlaugs sögu.

Skáldið beitir hér stílbragði sem kallast *nýgerving*: fleiri en ein kenning eru þættir í sömu mynd. Segja má að tvennum sögum fari fram: annars vegar (í kenniliðnum) er talað um mána og mánaskin en hins vegar er lýst augnatilliti (sbr. kenninguna *brámáni*: máni augnaháranna, þ.e. augu). Myndin helst vísuna á enda, sbr. geislana og skinið.

Og eftir þetta um liðið riðu menn heim af þinginu og var Gunnlaugur heima á Gilsbakka. Og einn morgun er hann vaknaði þá voru allir menn upp risnir nema hann lá. Hann hvíldi í lokrekkju innar af seti. Þá gengu í skálann tólf menn, allir alvopnaðir, og var þar kominn Hrafn Öundurson. Gunnlaugur spratt upp þegar og gat fengið vopn sín.

Þá mælti Hrafn: „Við engu skal þér hætt vera,“ segir hann, „en það er erindi mitt hingað að þú skalt nú heyra. Þú bauðst mér hólmgöngu í sumar á alþingi og þótti þér sú ekki **reynd verða**. Nú vil ég þér bjóða að við förum báðir á brott af Íslandi og utan í sumar og göngum á hólmi í Noregi. Þar munu eigi frændur okkar standa.“

Gunnlaugur svarar: „Mæl drengja heilastur og þennan kost vil ég gjarnan þiggja. Og er hér að þiggja, Hrafn,“ segir hann, „þann greiða sem þú vilt.“

Hrafn svarar: „Það er vel boðið en ríða munum vér fyrst að sinni.“

Og við þetta skildu þeir.

Þetta þótti frændum hvorstveggja þeirra stórum illa en fengu þó ekki að gert fyrir ákafa þeirra sjálfra enda varð það fram að koma sem til dró.

lengi man það er ungur getur = það sem maður eignast í æsku verður manni minnisstætt (átt er við: að seint fynrast fornar ástir).

til nýlundu = frétt næmt.

út kominn = kominn heim („út til Íslands“).

fluttist = fréttist.

slá ekki slíku á þig = skeyttu ekki um það

öndvegi = heiðurssæti.

pallur = upphækkað timburgólf í enda salarins þar sem konur sátu.

Aðalráðsnautur = gjöf Aðalráðs.

nýtti Hrafn ekki síðan af samvistum við Helgu = Helga vildi ekki vera með Hrafn; Hrafn fær ekki að njóta hennar.

(er var) **lykt að mæla lögskilum** = (þegar) lokið við að flytja mál.

dragast til fjandskapar = stofna til illdeilna.

blóðrefill = fremsti hluti sverðs.

skeinast = særast.

slyppur = vopnlaus.

(þér þótti hún ekki) **reynd verða** = (þér þótti henni ekki) lokið að fullu.

12. kafli

Nú er að segja frá Hrafn að hann bjó skip sitt í Leiruvogum. Tveir menn eru þeir nefndir er fóru með Hrafn, systursynir Öfundar föður hans. Hét annar Grímur en annar Ólafur og voru báðir gildir menn. Öllum frændum Hrafn þótti mikill svipur er hann fór í brott en hann sagði svo, kvaðst því Gunnlaug á hólum skorað hafa að hann kvaðst **engar nytjar hafa** Helgu og kvað annan hvorn verða **að hníga** fyrir öðrum. Síðan sigldi Hrafn í haf er þeim gaf byr og komu skipi sínu í Þrándheim og var þar um veturinn og frétti ekki til Gunnlaugs á þeim vetri og þar beið hann Gunnlaugs um sumarið. Og enn annan vetur var hann í Þrándheimi þar sem heitir í Lifangri.

Gunnlaugur ormsgunga réðst til skips með Hallfreði vandræðaskáldi norður á Sléttu og urðu þeir síðbúnir mjög og sigldu þeir í haf þegar byr gaf og komu við Orkneyjar litlu fyrir vetur. Sigurður jarl Hlöðvisson réð þá fyrir eyjunum og fór Gunnlaugur til hans og var þar um veturinn og virti jarl hann vel. Og um vorið bjóst jarl í hernað. Gunnlaugur bjóst til ferðar með honum og herjuðu um sumarið víða um Suðureyjar og Skotlandsfjörðu og áttu margar orustur og reyndist Gunnlaugur hinn hraustasti og hinn vaskasti drengur og hinn harðasti karlmaður hvar sem þeir komu. Sigurður jarl snerist snemmendis sumars aftur en Gunnlaugur sté þá á skip með kaupmönnum þeim er sigldu til Noregs og skildu þeir Sigurður jarl með mikilli vináttu.

Gunnlaugur fór norður til Þrándheims á Hlaðir á fund Eiríks jarls og var þar **öndverðan** vetur og tók jarl vel við honum og bauð honum með sér að vera og **það þekktist hann**. Frétt hafði jarl áður viðskipti þeirra Hrafn svo sem var og segir Gunnlaugi að hann lagði bann fyrir að þeir berðust þar í hans ríki. Gunnlaugur kvað hann slíku ráða mundu og var Gunnlaugur þar um veturinn og jafnan fálátur.

Og um vorið einn dag gekk Gunnlaugur úti og Þorkell frændi hans með honum. Þeir gengu í brott frá bænum og á völlum fyrir þeim var mannhringur. Og í hringinum innan voru tveir menn með vopnum og skylmdust. Var þar annar nefndur Hrafn en annar Gunnlaugur. Þeir mæltu er hjá stóðu að Íslendingar hyggi smátt og væru seinir til að muna orð sín. Gunnlaugur fann að hér fylgdi mikið háð og hér var mikið **spott að dregið** og gekk Gunnlaugur í brott þegjandi.

Og litlu síðar eftir þetta segir hann jarli að hann kveðst eigi lengur nenna að þola háð og spott hirðmanna hans um mál þeirra Hrafn og beiddi jarl fá sér **leiðtoga** inn í Lifangur. Jarli var sagt áður að Hrafn var í brottu úr Lifangri og farinn austur til Svíþjóðar og því gaf hann Gunnlaugi orlof að fara og fékk honum leiðtoga tvo til ferðarinnar.

Nú fer Gunnlaugur af Hlöðum við sjöunda mann inn í Lifangur og þann morgun hafði Hrafn farið þaðan með fimmta mann er Gunnlaugur kom þar um kveldið. Þaðan fór Gunnlaugur í Veradal og kom þar að kveldi jafnan sem Hrafn hafði áður verið um nóttina. Gunnlaugur fer til þess er hann kom á efsta bæ í dalnum er á Súlu hét og hafði Hrafn þaðan farið um morguninn. Gunnlaugur **dvaldi þá ekki ferðina** og fór þegar um

nóttina. Og um morguninn í **sólarroð** þá sáu hvorir aðra. Hrafn var þar kominn sem voru vötn tvö og á meðal vatnanna voru vellir sléttir. Það heita Gleipnisvellir. En fram í vatnið annað gekk nes lítið er heitir Dinganes. Þar námu þeir Hrafn við í nesinu og voru fimm saman. Þeir voru þar með Hrafn frændur hans, Grímur og Ólafur.

Og er þeir mættust þá mælti Gunnlaugur: „Það er nú vel er við höfum fundist.“

Hrafn **kvaðst það ekki lasta mundu**, „og er nú kostur hvor er þú vilt,“ segir Hrafn, „að vér berjumst allir eða við tveir og séu jafnmargir hvorir.“

Gunnlaugi kveðst vel líka hvort að heldur er. Þá mæltu þeir frændur Hrafns, Grímur og Ólafur, kváðust eigi vilja standa hjá er þeir berðust. Svo mælti og Þorkell svarti frændi Gunnlaugs.

Þá mælti Gunnlaugur við leiðtogana jarls: „Þið skuluð sitja hjá og **veita** hvorugum og vera til frásagnar um fund vorn.“

Og svo gerðu þeir.

Síðan gengust þeir að, börðust **fræknlega** allir. Þeir Grímur og Ólafur gengu báðir í mót Gunnlaugi einum og lauk svo þeirra viðskipti að hann drap þá báða en hann varð ekki sár.

Þetta sannar Þórður Kolbeinsson í kvæði því er hann orti um Gunnlaug ormstungu:

Hlóð, áðr Hrafn næði,
hugreifum Óleifi
Göndlar þeys og Grími
Gunnlaugr með hjör þungum.
Hann varð hvatra manna
hugmóðr drifinn blóði,
Ullr réð ýta falli
unnviggs, bani þriggja.

Lausleg endursögn vísu:

Áður en Gunnlaugur gæti snúið sér að
Hrafn felldi hann bæði Ólaf og Grím með
þungu sverði sínu. Hann var hugrakkur og
banaði þremur mönnum.

*Ullur unnviggs: farmaður: Ullur: guð;
unnvigg: öldu hestur, þ.e. skip; vigg: hestur;
unn: alda. Ullur (þ.e. guð) skipsins:
farmaður.*

Þeir Hrafn **sóttust** meðan og Þorkell svarti, frændi Gunnlaugs, og féll Þorkell fyrir Hrafn og lét líf sitt. Og allir féllu förunautar þeirra **að lyktum**. Og þá börðust þeir tveir með stórum höggum og **öruggum atgangi** er hvor veitti öðrum og sóttust **einart** í ákafa. Gunnlaugur hafði þá sverðið Aðalráðsnaut og var það hið besta vopn. Gunnlaugur hjó þá um síðir til Hrafns mikið högg með sverðinu og undan Hrafn fótinn. Hrafn féll þó eigi að heldur og **hnekkti** þá að stofni einum og studdi þar á stúfinum.

Þá mælti Gunnlaugur: „Nú ertu **óvígur**,“ segir hann, „og vil ég eigi lengur berjast við þig **örkumlaðan** mann.“

Hrafn svaraði: „Svo er það,“ segir hann, „að **mjög hefir á leikist minn hluta** en þó mundi mér enn vel duga ef ég fengi að drekka nokkuð.“

Gunnlaugur svarar: „Svík mig þá ei,“ segir hann, „ef ég færi þér vatn í hjálmi mínum.“

Hrafn svarar: „Ei mun ég svíkja þig,“ segir hann.

Síðan gekk Gunnlaugur til lækjar eins og sótti í hjálminum og færði Hrafni. En hann **seildist** í mót hinni vinstri hendinni en hjó í höfuð Gunnlaugi með sverðinu hinni hægrri hendi og varð það allmikið sár.

Þá mælti Gunnlaugur: „Illa sveikstu mig nú og ódregilega fór þér þar sem ég trúði þér.“

Hrafn svarar: „Satt er það,“ segir hann, „en það gekk mér til þess að ég ann þér eigi faðmlagsins Helgu hinnar fögru.“

Og þá börðust þeir enn í ákafa en svo lauk að lyktum að Gunnlaugur bar af Hrafni og lét Hrafn þar líf sitt. Þá gengu fram leiðtogar jarls og bundu höfuðsárið Gunnlaugs.

Hann sat þá meðan og kvað þá vísu þessa:

Oss gekk mætr á móti
mótrunnr í dyn spjóta
hríðgjörvandi hjörva
Hrafn framlega jafnan.
Hér varð mörg í morgun
málmflaug um Gunnlaugi,
hergerðandi á Hörða
hringpollr, nesi Dinga.

Lausleg endursögn vísu:

Hinn mæti maður (Hrafn) gekk af
hugrekki móti mér. Hér dundi
spjótadrífa á Gunnlaugi í
morgunsárið.

dynur spjóta: einföld kenning fyrir
orustu.

Síðan bjuggu þeir um dauða menn og færðu Gunnlaug á hest sinn eftir það og komust með hann allt ofan í Lifangur. Og þar lá hann þrjár nætur og fékk alla þjónustu af presti og andaðist síðan og var þar jarðaður að kirkju.

Öllum þótti mikill skaði að um hvorntveggja þeirra, Gunnlaug og Hrafn, með þeim atburðum sem varð um líflát þeirra.

engar nytjar hafa = engin not hafa, fá ekki að njóta.

hníga = falla.

öndverður vetur = fyrri hluti vetrar.

þekkjast = þiggja.

draga spott að = gera gys að.

leiðtogi = leiðsögumaður.

dvelja ekki ferðina = halda áfram án tafar

í sólarroð = í dagrenningu, við sólarupprás.

kvaðst ekki lasta mundu = sagðist ekki harma það (átt er við að hann fagnaði því; hér beittir Hrafn stílbraginu *úrdráttur* (*understatement*)).

veita = hjálpa; liðsinna.

frækilega = frækilega.

sóttust = börðust.

að lyktum = að lokum.

öruggur atgangur = áköf sókn.

einart = látlaust.

hnekkja = hörfa, hrökklast.

stofn = trjábólur.

óvígur = ófær um að berjast.

örkumlaður = limlestur.

mjög hefir á leikist minn hluta = ég hef beðið lægri hlut; ég hef farið mjög halloka

seilast = teygja sig

13. kafli

Og um sumarið áður þessi tíðindi spurðust út hingað til Íslands þá dreymdi Illuga svarta og var hann þá heima á Gilsbakka. Honum þótti Gunnlaugur að sér koma í svefninum og var blóðugur mjög og kvað vísu þessa fyrir honum í svefninum. Illugi mundi vísuna er hann vaknaði og kvað síðan fyrir öðrum:

Vissi eg Hrafn, en Hrafn
hvöss kom egg í leggi,
hjaltdugguðum höggva
hrynfiski mig brynju,
þá er hræskærri hlýrra
hlaut fen ari benja.
Klauf gunnsproti Gunnar
Gunnlaugs höfuð runna.

Lausleg endursögn vísu:

Ég hjó með hvassri sverðsegg í fót Hrafn.
Örninn hlaut blóð heitra sára. Sverð
hermannsins veitti Gunnlaugi sár á höfði.

Það er mikill hljómur í vísunni, sbr. innrímið
(þ.e. hendingarnar), það er eins og þyturinn í
sverðinu heyrir. Bendið á skothendingar og
aðalhendingar! (egg – (l)egg; ugg – ögg
o.s.frv.).

Sá atburður varð suður að Mosfelli hina sömu nótt að Önund dreymdi að Hrafn kæmi að honum og var allur alblóðugur. Hann kvað vísu þessa:

Roðið sverð en sverða
sverð-Rögnir mig gerði.
Voru reynd í röndum
randgálkn fyrir ver handan.
Blóðug hygg eg í blóði
blóðgögl of skör stóðu.
Sárfíkin hlaut sára
sárgammr enn á þramma.

Lausleg endursögn vísu:

Sverðið var roðið blóði en hermaðurinn hjó í
mig með sverði. Sverðum var brugðið handan
við haf. Blóðugir hræfuglar munu hafa staðið
yfir mér og blóðþyrstur hræfugl óð blóðlækinn.

sverð-Rögnir: hermaður (*Rögnir*: Óðinn; *guð*
sverðsins: hermaður).

Og um sumarið annað eftir á alþingi mælti Illugi svarti til Önundar að Lögbergi: „Hverju viltu bæta mér son minn,“ sagði hann, „er Hrafn son þinn sveik hann **í tryggðum?**“

Önundur svarar: „**Fjarkominn** þykist ég til þess,“ sagði hann, „að bæta hann, **svo sárt sem ég hélt** á þeirra fundi. Mun ég og engra bóta beiða þig fyrir minn son.“

Illugi svarar: „**Kenna skal þá nokkur að skauti**, þinn frændi eða þinna ættmanna.“

Og eftir þingið um sumarið var Illugi jafnan dapur mjög.

Það var sagt um haustið að Illugi reið heiman af Gilsbakka með þrjá tigu manna og kom til Mosfells snemma morguns. Önundur komst í kirkju og synir hans en Illugi tók frændur

hans tvo. Hét annar Björn en annar Þorgrímur. Hann lét drepa Björn en fóthöggva Þorgrím. Reið Illugi heim eftir það og **varð þessa engi réttning** af Önundi.

Hermundur Illugason undi lítt eftir Gunnlaug bróður sinn og þótti ekki hans hefnt að heldur þótt þetta væri að gert.

Maður hét Hrafn og var bróðursonur Önundar að Mosfelli. Hann var farmaður mikill og átti skip er uppi stóð í Hrutafirði. Og um vorið reið Hermundur Illugason heiman einn samt og norður Holtavörðuheíði og svo til Hrutafjarðar og út á Borðeyri til skips kaupmannanna. Kaupmenn voru þá **búnir mjög**. Hrafn stýrimaður var á landi og margt manna hjá honum. Hermundur reið að honum og lagði í gegnum hann spjótinu og reið þegar í brott. En þeim varð öllum bilt félögum Hrafns við Hermund. Engar komu bætur fyrir víg þetta og með þessu skilur skipti þeirra Illuga svarta og Önundar að Mosfelli.

Þorsteinn Egilsson gifti Helgu dóttur sína er stundir liðu fram þeim manni er Þorkell hét og var Hallkelsson. Hann bjó út í Hraunsdal og fór Helga til bús með honum og varð honum **lítt unnandi** því að hún **varð aldrei afhuga Gunnlaugi** þótt hann væri dauður. En Þorkell var þó **vaskur** maður að sér og auðugur að fé og skáld gott. Þau áttu börn saman eigi allfá. Þórarinn hét son þeirra og Þorsteinn og enn fleiri börn áttu þau.

Það var helst gaman Helgu að hún **rekti** skikkjuna **Gunnlaugsnaut** og horfði þar á löngum. Og eitt sinn kom þar sótt mikil á bæ þeirra Þorkels og Helgu og **krömdust** margir lengi. Helga **tók þá og þyngd** og lá þó eigi. Og einn **laugardagsaftan** sat Helga í eldaskála og hneigði höfuð í kné Þorkatli bónda sínum og lét senda eftir skikkjunni Gunnlaugsnaut. Og er skikkjan kom til hennar þá settist hún upp og rakti skikkjuna fyrir sér og horfði á um stund. Og síðan hné hún aftur í fang bónda sínum og var þá **örend**.

Þorkell kvað þá vísu þessa:

Lagði eg orms að armi
armgóða mér tróðu,
guðbrá Lofnar lífi
líns, andaða mína.
Þó er beiðendum bíða
blik þungara miklu.

Lausleg endursögn vísu:

Lagði ég hina góðu konu andaða í faðm mér.
Guð tók líf hennar. Þeim sem eftir lífa er
þyngra í sinni.

Vísan er afbökuð í handriti

tróða orms arms: kona (ormur arms: sá ormur sem liggur um arminn, þ.e. gullhringur; tróða: stafur, stöng; stöng hringsins: kona).

Helga var til kirkju færð en Þorkell bjó þar eftir og þótti allmikið fráfall Helgu sem von var að.

Og lýkur þar nú sögunni.

svíkja í tryggðum = svíkja og bregðast þannig trausti.
fjarkominn = fjarskyldur.
svo sárt sem ég hélt = svo sárt sem ég á um að binda (vegna eigin sonarmissis og láts tveggja frænda).
kenna skal þá nokkur að skauti = einhver mun þá fá að kenna á því.
varð þessa engi réttig = engar bætur komu fyrir þetta.
búnir mjög = ferðbúnir.
lítt unnandi = elskaði lítið.
varð aldrei afhuga Gunnlaugi = hætti aldrei að hugsa um Gunnlaug.
vaskur = hraustur; öflugur.
rekja (hér) = fletta í sundur; skoða.
Gunnlaugsnautur = gjöf Gunnlaugs (Aðalráðsnautur).
kremjast = veikjast.
tók þá og þyngd = veiktist þá einnig (*og*: einnig).
laugardagsaftan = laugardagskvöld.
örend = dái
